250



# 9. fundur.

Sunnudaginn þann 16 des 1928 var fundur haldinn í U M F Tindastóll á venjulegum fundarstað.

Gjörðir fundarins voru þessar

1 Fundur settur af fundarstjóra KÓM. kl 4 e.h.

2 Skipaðir ritarar Sig. P Jónsson Valdimar Guðmundsson dyravörður Anna Kristjánsdóttir

3. Sungið Vormenn íslands

4 Lesin síðasta fundargjörð og samþykt

5 Árgeislinn kom ekki út

6. Lesin viðverubók mættir á fundi 20 félagar

7. Móðurmálsvörðurinn kom ekki út

8 Stjórnmál Eysteinn Bjarnason las upp bréf frá U.M.F.Í. sem hljóðaði um reglur um aukafélaga í þessu máli

Talaði Valgarð Blöndal.
9. Uppástunga í lagaendurskoðunar-
nefnd kom frá Eyþóri Stefánssyni
og stakk hann uppá Valgarð Blöndal
Pjetri Hannessyni og Guðm Sveinssyni
og voru þeir samþykktir með meiri
hluta atkvæða ekki fleiri stjórnmál
10. Gróðrarstöðvar nefnd skilaði af
sjer Fyrirspurn kom frá V.B.
hvað þeir hefðu gjört við sementið
og svaraði formaður nefndarinnar
því að því hefði verið fargað
til ýmsra og gjörði hann
skilagrein fyrir því og lagði
fram Reikning
því næst fjekk E.B orðið og
let hann ánægju sína í ljósi
yfir hvað fjelagar hefðu
verið ónitir að vinna í gróðrar
stöðinni



11. Valgarð Blöndal talaði um jóla-
trjes skemtunina og bar því við að
hann hefði ekki haft tíma til að
hugsa um þetta í jólatrjesmálinu
tóku þessir til máls
E.S. G.S. E.B. Valgarð Blöndal
gjörði ráð fyrir að hann hefði
um ráð yfir einu trje og vildi
hann skipa sjerstaka nefnd
í þetta mál.
E.S. kom með tillögu um
hvort að það ætti að hafa jóla
trje eða ekki K.M sagðist
skilja það svo að kvöldvöku
nefndin ætti að sjá um þetta
mál samþykt var að hafa
jólatrjesskemtun núna um
jólin þessir hlutu kosningu í
jólatrjes nefnd Jens P Eyriksen, Friðrik
Þorsteinsson Guðbjörg Jónasdóttir

Sigríður Kristjánsdóttir Guðrún Benedikts
12. Eyjólfur Stefánsson Mintist þess að
fjelagið hefði eina stúlku innann
borðs sem kynni Vikivaka og
óskaði þess að skipuð yrði nefnd
sem tæki málið til meðferðar
Um það ræddu Valgarð Blöndal
og Magnús Bjarnason. Tillaga
kom frá M.B. um að kjósa 3ja
manna nefnd til framkvæmda
í málinu hún var samþykt
Þessir hlutu kosningu Guðrún Ben.
E.S. og Þór Guðmson.
13 Málefnam Fr. G. Þorsteinsson
lagði fram fyrir fundinn
þessar spurningar. Hvort er
betra oftraust eða vantraust
Hann áleit oftraustið betra en
vantraustið undir flestum tilfellum
Þá talaði V.B. og sagðist heldur



vilja hafa oftraust á sjálfum sjer
en vantraust. P. Hannesson taldi
meðal veginn heppilegastan ef
um hann væri að ræða annars fremur
hjelt hann með vantraustinu
M.B. og P. Jónsson hjeldu því fram
að oftraustið mundi vera eins
heppilegt og vantraustið og urðu um
það nokkrar umræður málið því-
næst tekið út af dagskrá því fundar
tími var að enda
Upplestrarmaður Svavar Þorvaldsson las
upp kvæðið „Unaður“ eftir Davíð Stefánsson
14 Skipaðir starfsmenn til næsta
fundar Fundarstjóri Pjetur Hannesson
Málefnam. E. Bjarnason Jón Sveinsson M. Bjarnason
Upplestarm. E. Stefánsson Friðrik Hansen
Ritnefnd Sv. Þorvaldsson Dýrleif Ármann Sig. Kristjánsd.
Skemtinefnd Svafar Guðmundsson Jens Eiríksson Sigríður Kjart.
Sungið hver annar gat til þín. Fundi slitið
kl. 7.
Sig. P. Jónsson
ritari

## 10 fundur.

Sunnudaginn þann 30. des 1928 kl 4½ var fundur haldin í U.M.F. „Tindastóll" á venju legum fundar stað felagsins.

Gjörðir fundarins voru þessar:

1. Þar sem skrifaður funda stjóri Geir Hannesson gat ekki mætt, setti Kristján Magnússon fundinn og stjórnaði honum, og nefndi hann til fundar ritara Lúðvíg Þorsteinsson og Jófríði Marinósdóttir. Dyra vörð Magnús Bjarnason.
2. Sungið: „Hvað er svo glatt".
3. Lesin upp síðasta fundar gjörð, og samþykkt með eftir farandi breytingum, við 13. lið gjörðanna frá Magnúsi Bjarnasyni: svo hljóðandi bt.: í ræðu Páls Jónssona og Magnúsar Bjarnason komi orðið oftraust í stað vantrausts í Geirs Hannessonar komi vantraust í stað oftrausts. (bet inn færð, sjá síðasta fundargj.)



4. Árgeislinn kom ekki út
5. Lesin Viðverubók, mættir á fundi 12 félagar
6. Móðurmálsvörður kom ekki út.
7. Stjórnarmál. Formaður felagsins E. Bjarnason gat þess að um væri að ræða nýju stór mál, sem fundurinn þyrfti að athuga, og taka til ~~fræð~~ með ferðar síðar. Þar sem Páll Jónsson býði felaginu sinn hluta í „Bifröst" (sem er kjallarinn) til kaups: Um það ræddu auk formans: Kristján Magnússon. Eyþór Stefánsson Magnús Bjarnason. Til laga kom frá Kristjáni Magnússyni um að vísa málinu til stjórnarinnar til frekari framkvæmda og undir búnings undir næsta auka eða aðalfund, það sem engar upplýsingar voru fyrir hendi ~~fr~~ hvorki um sölu verð eða borgunar skilmála, og fundurinn líka mjög fá mennur, til að ræða svo mikið stórmál sem þessi væri.

til lagar. Samþykt.

8. Félagsmál.

Eyþór Stefánsson, lagði fyrir fundinn álit „Vikivaka“ nefndarinnar. Hún leggur til, að byrjað verði á kenslu nú í næsta mánuði, og kent verði minst einu sinni í viku, en fremur hefur hún hugsað sér að byrja með fremur litlum flokk fyrst, sem bæta svo við smá saman eftir því sem hún sæi sér fært. Um það ræddu: Eysteinn Bjarnason og Magnús Bjarnason. Fundurinn vísar málinu til nefndarinnar áfram, til frekari framkvæmda.

Fleiri mál ekki tekin fyrir.

9. Skipaði starfsmenn til næsta fundar.

Fundarstjóri: Pétur Hannesson

Málshefja m. E. Bjarnason Gm. Sveinsson og Magnús Bjarnason



Upplesi m: E. Stefánsson Friðrik Hansen.

Ritnefnd: Svava Þorvaldsson, Dýrleif Árnadóttir. Sigríður Kristjánsdóttir.

Skemtinefnd: Svava Guðmundsson Jens P. Eiríksen Sigríður Hjálmsdóttir.

Sungið: - - - - - - - - - - - -

Fundi slitið til E.

A.Ks. Þorsteinsson.
(Ritari)

# Aðalfundur 1929.

Sunnudaginn 13. Janúar 1929, var aðalfundur í U.M.F. „Tindastóll" settur og haldinn í húsi félagsins. Formaður félagsins (Eysteinn Bjarnason) setti fundinn kl. 5 e.h. og nefndi hann til fundarritara Friðrik Ö. Þorsteinsson og Páll Þorgrímsson dyravörð Pálma Þ. Sighvats.

Gjörðir fundarins voru þessar.

1. Sungið „Hvað er svo glatt"
2. Lesin fundargjörð síðasta fundar og samþykt.
3. Árgeislinn kom ekki út, sökum þess að ritnefndin hafði ekki starfað. Ritstjóri hans Jens P. Eiriksen flutti nokkur áminningar orð til félaga, um vanrækslu gegn honum, sagði að ef það lagaðist ekki nú bráðlega væri ekki annað líklegra, en hann hætti alveg að koma út. Um það ræddi V. Blöndal var þó [illegible]
4. Héraðsmálsvörður kom ekki út.
Þá kom fram tillaga frá Valgarð Blöndal um að taka lög félagsins fyrst til



samþyktar, en láta starfsskýrsluna bíða þar til fleiri kæmu á fundinn. (till. samþykt)

5. Þá voru lesin nýja lög félagsins og farin grein fyrir grein, og öll samþykt breytingalaust. Þá kom fram viðaukatillaga frá laganefndarmönnum við 2. gr. laganna verði 6. liður, um reglur fyrir aukafélaga. Till. hljóðar svo. kl.
„Ef einhver flytur úr félagi burt af félagssvæðinu, svo hann þess vegna ekki getur tekið þátt í félagsstarfinu mestan hluta ársins. Getur hann þá verið aukafélagi með þeim skyldum og réttindum sem U.M.F.T. hefir ákveðið fyrir aukafélaga."
Till. lagan samþykt.
Lögin öll í einni heild samþykt með öllum atkvæðum
6. Lesin nýja starfsskýrsla félagsins fyrir s.l. ár
7. Gjaldkeri lagði fram aðalreikning félagsins, fyrir s.l. ár

endurskoðaðan ásamt öllum fylgiskjölum, og
var hann samþyktur.
8. Reikn. orgelssjóðs Innst. í sparisjóði Skróks 63,38
9. — — röntgensjóðs Innst. — — — 48,74
Innstæða hjá U.M.F. Tindastóll kr 235,00
10. Reikn. Húsbyggingarsjóðs Innst. sparisjóði Skróks 52,06
Innst. hjá U.M.F. Tindastóll kr 100,00
Allir reikningarnir samþyktir
11. Jafnaðar reikningur félagsins lesin upp.
Eignir fram yfir skuldir 31 des. 4971,93
12. Lesnar upp reglur fyrir heiðursfél. og samþykt
13. Reglur fyrir verðlauna peninga sam. þ.
14. Fundarreglur lesnar og samþyktar
15. Reglur Húsbyggingasjóð samþyktar
16. Reglur Árgeislans lesnar og sam. þ. —
17. Eftir að formaður félagsins E. Bjarnason
hafði sagt af sér störfum, lá þá
næst fyrir fundinum að kjósa einn
mann í stjórn í hans stað.
Þá kom ~~frá~~ fram uppástunga frá þeim



tveimur sem eftir sátu í stjórninni
um Svava Guðmundsson, og var hann
kosin í einu hljóði með öllum atkvæðum.
Sigurður P. Jónsson og Friðrik G. Þorsteinsson.
Þökkuðu frá farandi formanni félagsins
Eysteini Bjarnasyni fyrir langt og vel unnið
starf í þarfir þess, fundar menn allir þökkuðu
störf hans með því að standa
upp.
18. Kosin vara stjórn því: Guðmundur
Sveinsson. Geir Hannesson og Eyþór Stefánsson.
19. Formaður afmælisnefndarinnar Páll Þorgrímsson
gerði skila grein fyrir afmælis haldinu
nú í vetur. Ágóði af því kr 11,15 a.
afhent gjaldkera félagsins
20. Kosnir endurskoðendur félagsreikninganna
til næsta árs. Páll Þorgrímsson Óskar Stefánsson
21. Kosin móðurmáls nefndir: Pálmi Sighvats
Kristján Jónasson Páll Daníelsson Guðleif
Arnadóttir Guðrún Benediktsdóttir.

22. Kosin ritstjóri „Árgeislans"
Jens P. Eiríksen, með lófaklappi
allra fundarmanna
Næsta mál á dagskrá fundarins var
um kaup á „Bifrastar" kjallaranum
að Páli Jónssyni. Þá kom fram
tillaga frá Valgarð Blöndal um að
fresta fundi til kl ½ 9, vegna þess
að svo fáir, sem nú á honum, en
þetta mál gæti ekki klárast nema
með meiri hluta fjelaga: Till. samþykt.
Fundi slitið kl ½ 8.

23. Þá var fundur settur aftur kl. 9. af
E. Bjarnasyni, og tók hann til um
ræðu kaup á kjallaranum í „Bifröst"
skýrði hann fyrir fundarmönnum
gjörðir, og álit stjórnarinnar í
því máli, + einnig kaupverð (um 5000) kr
og greiðsluskilmála á því, vísaði
hann svo málinu til umræðu



fyrir fundinn. Til máls tóku þessir: Valgarð B.
Guðmundur Sveinsson Eyþór Stefánsson,
auk framsögumanns.
Þá var rætt um hvort ekki mundi
vera vinnandi, að láta fara fram
mat, á umræddum kjallara, og
ef vera kynni að verðið yrði eitthvað
aðgengilegra fyrir fjelagið: Um það ræddu
Pjetur Hannesson Eysteinn Bjarnason
Friðrik G. Þorsteinsson Valgarð Blöndal
Guðmundur Sveinsson.
Fundurinn samþykkti í einu hljóði að
taka ekki tilboði Páls Jónssonar um
kaup á kjallaranum.
Málið því næst tekið út af
dagskrá með leyfi fundarins

24. Skipaði starfsmenn til næsta fundar:
Fundarstjóri: Sig P. Jónsson
Málshefjan: Pjetur Hannesson Óskar Stefánsson
Upplestr. m.: Sveinsína Bergsdóttir Valgarð Blöndal.

Skemtinefnd: Valdimar Guðmundsson
Páll Þorgrímsson
Kristín Sölvadóttir.

Ritnefnd: Sigurður P. Jónsson
Svavar Guðmundsson
Friðrik G. Þorsteinsson.

Mættir á fundi 28 fjelagar.
einn utan fjelags fjelagi leyfði til að sitja
fundi Halldór M. Sigtalín.
Fundi slitið. kl. 11
Sungið „Ó fögur er vor fósturjörð"

Friðrik G. Þorsteinsson.
(ritari)

Samþykkt S. P.

Sig. P. Jónsson



2 fundur.

Sunnud. þann 27 janúar -'29 var fundur haldinn í U.M.F. Tindastól á venjulegum fundarstað. Kl. 5 e.h.

Gjörðir fundarins voru þessar.

1. Settur ritari Þk. Ingólfsdóttir og Baldur Steingrímssyni, dyravörð Valdimar Guðmundsson.
2. Sungið Ó fögur er vor fósturjörð
3. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykkt.
4. Hugsjónin kom ekki út. Ritst. lét óánægju sína í ljósi yfir trassa-skap ritnefndar, sem hann þóttist þó hafa valið af betri endanum, sem var stjórn fjelagsins. Svaraði hún all rösklega fyrir sig, bar við tímaleysi og öðru fleira. Alls helt hún 4 ræður í röð, ritst. 2 og voru þær all orðvarlegar. Magnús Bjarnason

og Eysteinn Bjarnason Töluðu um sama efni bæði sem óvitarar og sattasemjarar. Als voru haldnar 9–10 ræður um þett efni; aftur og fram og þóðir ekki að skíra vanar frá því, var það hálfgjörð píslar saga sinsag um ræðumaður kanist að orði.

5. Lesin upp við veru skrá mættra 16
6. Stjórnmál. S. P. Jansson skírði frá skiftingu stjórnarinnar sem var svo
S. P. Jansson. (Formaður)
Fr. Þorsteinsson. (Gjaldker i) Reykingta
Sv. Guðmundsson. (Skrifari.)
7. Fundar mál.) ——————
8. Maður málsvörður) ——————
9. Málefna nefnd.) Páll Þorgrímsson mæltist til að felagið fengi land til ræktunar í Sauðár landi; Taldi það gróða veg ef felagið sæi sér fært að byggja peninga til að kaum því í nokkt



sjálfur kvaðst hann mynd í vinna fyrir lítið að vinsku styttkisins með sínum nýju jarðrækta Tækjum sem hann kvaðst mynd fá á næsta vori. Um það urðu skiptar skoðanir voru haldnar 9 ræður fyrir utan ræðu framsögumanns. M. Bjarnason kom með uppástungu um 3. manna nefnd til að íhuga málið og voru kosnir Guðm. Sveinsson P. Hannesson og Valdim. Guðm.

10. M. Bjarnason ræddi um hve fundir væru daufir og lítt skemtilegir og kvað að á því þyrfti að ráða bót. 17 ræður voru haldnar um það efni. Kannst menn á þá skoðun að felagið væri laget í kiði sett, sem Björn,– aðrir kváðu nauðsynlegt að rekja það og reka það úr því og svo framvegis. Tillaga kom frá Magnúsi Bja

um að fela stjórninni að koma á venulega góðum fundi næst. og fá menn á til að halda fyrirlestra og annað skemtandi. Stjórnin fór þess á leit að kjósa heldur nefnd. málið heldur enn að fela stjórninni það. Kosningu hlutu þessir eftir uppástungu M. Bjarnason
Jens P. Eiríksson Dyrleif Árnadóttir
E. Stefánsson Peter Hannesson
M. Bjarnason E. Bjarnason.
Rætt var um að velja 2 menn til að rita í Örgeislann um sama efni annar verði en hinn sækti. Fundarmenn … það ekki viðeigandi að fara þannig lagað inn í blaðið, Unn það ræddu M. Bjarnason P. Þorgrím.
Jens P. Eiríksson stakk uppá M. B. til að rita um „dans" í næsta blaði og var það samþykt
Fr. Þorsteinsson greiddi ekki atkvæði



vegna þess hann, hvað það breytingu á tilhögun á útkomu blaðsins.
Þá var rætt um flokkaskiftingu í vetur. Það ræddu Sig. P. Jóns. M. Bjarnason E. Bjarnason Jens P. Eiríksson
Kosnir starfsmenn til næsta fundar Páll Þorgrímsson fundarstjóri
Upplestrar inn sömu
Skemtinefnd —
Ritn. E. Stefánsson Guðm. Andr. Sveinsson Bergs.
Fundi slitið Kl. 7 ½
K. Ingólfsdóttir
(ritari)
Samþ.
Páll Þorgrímsson

# 3. fundur

Sunnudaginn 10. febrúar 1929. var fundur haldinn í U. M. F. „Tindastóll“ í húsi fjelagsins kl. 4½ e.m. Gjörðir fundarins voru þessar

1. Fundar stjóri Páll Þorgrímsson setti fundinn og nefndi, fyrir fundarskrifara Svavar Guðmundsson og Kristján Jónasson og dyravörð Sig. Helgason
2. Sungið: „Hvað er svo glatt“
3. Lesin fundargjörð síðasta fundar og samþykkt án breytinga
4. Lesin viðverubók. Mættir á fundi 29 fjel.
5. Formaður las brjef frá stjórn S. U. F. S. sem og fundarboð um aðalfund (S.U.F.) S. U. F. S. sem haldinn verður ~~að~~ á Sauðárkróki sunnudaginn 17. febrúar n. k. Ennfremur gat hann þess að fyrir fundinum lægi kosning fulltrúa þeirra er U. M. F. Tindastóll ætti að senda á aðalfund S. U. F. S. sem væru 5 að tölu. Þá kom uppástunga að fulltrúum sem var þessi: Pjetur Hannesson, Kristján Sigtryggs Jens P. Eriksen, Eysteinn Bjarnason og Magnús Bjarnason og voru samþ. Varafultr. Sig. P. Jónsson og Friðrik S. Þorsteinsson og voru sömuleiðis samþykktir.
6. Lesinn „Árgeisli“.
7. Inngöngu í fjelagið bað Halldór M. Vídalín og var samþykkt að veita honum inngönguleyfi og gjörðist hann fjelagi með greiddum atkvæðum allra fjelagsmanna er á fundinum voru
8. Formaður las brjef frá Lúðvíg Guðmundssyni Kristinn Andrjessyni og Skúla Þorsteinssyni og var það svohljóðandi tillaga: „Fundurinn skorar á Alþingi að láta á næsta sumri fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um flutning Alþingis á Þingvöll.“ Í brjefi þessu fara ofangreindir 3. menn þess á leit við U. M. F. T. sem og fleiri ungmennafjelög að þau veiti sjer fylgi við að koma ~~fram~~ tillögu þessari fyrir ~~fo~~ Alþing. Magnús Bjarnason las upp með fylgj. langt og snjallt erindi. Hófust þá umræður um málið. Til máls tóku Eyst. Bjarnason, Halldór M. Vídalín, Svavar Guðmundsson, Magnús Bjarnason og Pjetur Hannesson.

Um þetta urðu nokkurar umræður, og voru skiftar skoðanir manna um málið. Kom fram munnl. tillaga frá Pjetri Hannessyni um að kjósa 3ja manna nefnd er skyldi gera ákvarðanir fyrir næsta fund og stakk uppá Magnúsi Bjarnasyni, Eysteini Bjarnasyni og Halldóri M. Vídalín og voru þeir kosnir með öllum greiddum atkvæðum.

9\. Þá tók til máls annar formaður nefndar þeirrar er kosin var á síðasta fundi til að sjá um að fundirnir geti verið skemtilegri, og skýrði hann frá því að nefndin hefði ákveðið að þeir Pjetur Hannesson og Magnús Bjarnason hefðu þann vanda í hendi sjer. Pjetur Hannesson flutti erindi um þjóðbúninga. Til máls tóku auk framsögum. Magnús Bjarnason, Eysteinn Bjarnason og H. Vídalín voru um málið stuttar umræður og málið því næst tekið út af dagskrá.

10\. Þá fjekk orðið Magnús Bjarnason og bað fundarmenn að skifta sjer í 2 flokka til að verja og sækja mál það sem hann (M.B.) legði fyrir flokkana



Umræðuefnið var að skattleggja alt ógift fólk og las framsögumaður málsins M.B. upp reglugerð fyrir því hve hár skatturinn skyldu vera og til hvers þeim skyldi varið. Var síðan um þetta rætt uns allir „piparsveinar og ungmeyjar" þessa fjelags þeir er á fundinum voru mættir voru staðráðnir í að vera ekki lengur piparsveinar og meyjar heldur skyldu þeir hið fyrsta og fyrir gefist ganga í heilagt hjónaband og auka kyn sitt svo sem þau sægu sjer fært.

11\. Upplestrarmenn Sveinína Bergsdóttir las upp kvæðið: „Milli fjalls og fjöru" eftir Hallgr. Helgason Valgarð Blöndal, sem var hinn upplesarinn var ekki mættur á fundinum

12\. Skipaðir starfsmenn til næsta fundar:
Fundarstjóri Albert Sölvason
Málshefjendur: Jens P. Eriksen og Halldór M. Vídalín
Upplestrarmenn: Valdimar Guðmundsson og Anna Kristjánsdóttir
Skemtinefnd: Páll Kr. Dan. Guðbjörg Jónasd. Kr. Jónsson
Ritnefnd: Valgarð Blöndal, Albert Sölvason og óstaðinn ritstjóri fundar

13\. Fundi slitið Kl 7½

Ívar Guðmundsson

# 4. fundur

Sunnudaginn 20. okt. var fundur haldinn í U. M. F. „Tindastóll" í fundarsal fjelagsins. Fundurinn var settur af formanni kl. 5 e.m. og nefndi hann fyrir skrifara Svavar Guðm. og Pétur Guðm. Dyravörð Magnús Bjarnason.
Þá var sungið „Vormenn Íslands."
Gjörðir fundarins voru þessar:

I. Lesin fundargjörð frá síðasta fundi og samþ.
II. Lesin „Viðverubók". Mættir á fundi 9. fjel.
III. Leyfi til að sitja fundinn fengu 3. menn.
IV. Formaður skýrði frá því að hann hefði meðtekið brjef frá U. M. F. „Velvakandi" í Reykjavík, sagðist hann hafa gleymt brjefinu heima, en skýrði efni þess á þessa leið: „U. M. F. „Velvakandi" skorar á öll ungmennafjelög á landinu, (og því með Tindastóll) að fjölmenna á Þingvöll á komanda vori, og ganga í skrúðgöngu, og helst í íslenskum búningi.



V. Gjaldkeri skýrði frá því er stjórnin hafði látið gjöra við Gróðrarstöðina. Gat hann þess að kostnaður mundi verða alt að 180 – 200,oo kr. að endingu þakkaði hann þeim sem er ötullast höfðu lagt fram til hjálpar.
VI. Þá var rætt um fjelagsstarfsemina á komanda vetri. Formaður gat þess að fyrir fundinum lægi kosning íþróttanefndar. Kom uppástunga að nefndinni frá Friðrik Þorsteinss. (~~þa~~) að þessum mönnum: „Kristján Sigtryggss. Dýrleif Árnad., Valgarð Blöndal, Guðm. Andrjess., og Valdimar Guðmundss. og var samþykt.
VII. Þá var þess og getið að halda þyrfti afmæli fjelagsins hátíðlegt eins og að undanförnu. Voru fundarmenn daufir. Loks tókst þó með atkvæðagreiðslu að fá fundinn til að samþykkja að hafa afmælishald. Kom uppástunga að nefndinni frá Eyþór Stefánssyni svohljóðandi og var samþ.: Pétur Hannesson, Dýrleif Árnad., Friðrik Hansen, Guðbjörg Jónsd., Alla Jónsd., Friðrik Þorst., Svavar Guðmundss.

VIII. Vararitstjóri „Ageirlans" var kosinn í stað Jens P. Eiríksson, sem er fjærverandi. Guðm. Andrjesson.

IX. Eysteinn Bjarnason gerði fyrirspurn til stjórnarinnar um fundarboðun og um stjórnarstarfsmenn svo sem: hvað gjört hefði á aðalfundi S. U. F. S.. Þá stóð upp Friðvin Þorsteinsson og gat þess að fundur sá hefði aðeins verið auglýstur úti á stað, en ekki borið fundarboð til fjelaga. Um það er gjört hefði á aðalfundi S. U. F. S. gat hann þess, að hann hefði aðeins verið vara-fulltrúi og ekki vitað ~~um~~ fyr fól fulltrúann fyrr en fundurinn átti að fara að byrja, þá var það einn fundarmanna er sótti hann, og sagði að ekki væri hægt að byrja fundinn sökum þess að ekki væru mættir fulltrúar frá „Tindastól" nema Jens Eiríksson. Létu þeir því fundinn frá „Tindastól" hjá P. J. Jónsson Friðvin Þorsteinsson og Jens P. Eiríksson og komu sjer saman um að Jens. P. Eiríksson skyldi rita gjörðir fundarins. Og það sem ve



Jens P. Eiríksson var fjærverandi á fundi þessum var ekki hægt að skýra málið, því það var alt geymt í hans höfði.

X. Þá skeði það að einn fjelagi þurfti að ganga út, ~~vom~~ þá svo farið eftir á fundinum að hann væri ekki lögmætur, og skipaði þá formaður starfsmenn til næsta fundar að fráin

Fundarstjóri Pjetur Guðmundsson

Málafærslumenn. Eysteinn Stefánsson og Magnús Bjarnason

Upplestrarmenn: Jóhanna Maríusdóttir og Gutjón Sigurðsson

Skemtinefnd. Valgarð Blöndal Ólafa Jóhannsd. og Dýrleif Árnadóttir

Ritnefnd. Anna Kristjánsd. Baldvin Steingrímss. Guðlaug Nikódemusd.

XI. Þá var sungið „Hvað er svo glatt"

XII. Fundi slitið kl 6½

Svavar Guðmundsson

5. fundur

Sunnudaginn 3/11 1929 var fundur haldinn í U.M.F. „Tindastóll" á venjulegum fundarstað. Fundarstjóri Magnús Bjarnason setti fundinn kl 4½ og stýrði honum í stað Pjeturs Guðmundssonar sem ekki gat mætt, til fundarritara skipaði hann Friðrik Þorsteinsson. Dyravörð Valdimar Guðmundsson, og forsöngvara Svavar Guðmundsson. Þá var sungið

„Ó fögur er vor fósturjörð."

Gjörðir fundarins voru þessar.

1. Lesin upp fundargjörð síðasta-fundar og samþykt.
2. Inntöku beiðni komu frá Þóra Sigurðssyni og Svavari Steindórssyni. og voru þeir samþyktir; fundarstj. bauð þá velkomna í fjelagið
3. „Árgeislinn" kom ekki út
4. Lesin viðvera bókf. manna á fundi:-



19 fjelagar.

5. Móðurmáls vörður kom ekki út. Fundarstjóri M.B. mintist þess, að nokkra hluti af móðurmálsverðinum væri ekki við staddur, og sumir voru farnir burtu, taldi því rjett að kjósa í þeirra stað til næsta Aðalfundar. Um það ræddu Valgarð Blöndal Svavar Guðmundsson og Eysteinn Bjarnason. Þá voru kosnir þeir menn í móðurmálsvörð til næsta Aðal-fundar. Þessi hlutu kosningu Magnús B. Pjetur Hannesson Guðm. Sveinsson.
6. Úrsögn kom frá þeim Kristjáni Jónassyni og Páli Þór Daníelssyni. Eysteinn Bjarnason stóð þá upp, og lýsti því yfir að sig minti, að það væri komið í lög fjelagsins að fjelagar sem flyttu burt gætu fengið að vera á fram í fjelaginu endurgjalds-laust (saman br Reglur fyrir aukafjelaga) hann áleyt því þessa úrsögn ástæðu

lausar. Um það rædda Guðmundur Þorsteinsson
Magnús Bjarnason og Svavar Guðmundsson
Málinu vísað til stjórnarinnar.

7. Magnús Bjarnason: Tók því næst til máls, gat þess, að nefnd sú sem kosin var á Reykjum í vor á sameiginlegum fundi fjelaganna, og sem skyldi sjá um að undirbúningi undir hátíðarhald að Silfurgarði nú á komandi vori. Hann áminnti alla fjelaga um að styrkja þetta hátíðarhald eftir því sem unt væri, gat þess líka að sennilega yrði námskeið í vetur á Hólum, þar sem íþróttir yrðu kendar og því vonandi að fjelögin sendu þangað nemendur. Þá bar hann fram kveðju frá Eysteini Stefánssyni, þar sem honum hefði verið falið að sjá um söng á samkomu þessari, að hann fengi með sér þrjá menn í söngstjórn-



ina til aðstoðar þá: Geir Hannesson Kristján Magnússon og Valgard Blöndal og var það samþykt.

8. Málefna menn: Magnús B. og Eysteinn Stefánss lögðu fyrir fundinn framtíðar horfur skrifl. um það urðu engar umræður, nema framsögu manna.

9. Skipaði stjórn menn til næsta fundar.
Fundarstjóri: Geir Guðmundsson
Málefnamenn: Guðm. Sveinss Eysteinn Bjarna
Upplesarar — Svavar Guðm. Guðbjörg Jónasdóttir
Skemtinefnd: Sú sama.

Sungið Jeg vil elska mitt land.

Fundi slitið kl. 6.

Guðmundur G. Þorsteinsson

Samþ. G. Js.

## 6. fundur.

Sunnudaginn 17. nóvember 1929 kl. 4½ síðd. fundur haldinn í U.M.F. Tindastóll á venjulegum fundarstað undir stjórn Pjeturs Guðmundssonar.

Nefndi hann til fundarritara þá Valgard Blöndal og Kristján Sigtryggsson og dyravörð Valdimar Guðmundsson.

Þá var sungið: Eldgamla Ísafold.

Gjörðir fundarins voru þessar:

1. Lesin upp síðasta fundargjörð og samþykt.
2. Sögubókin: Innihald: Byrjun ritgerð „Eftir landnámstíð“ höfundur Guðm. Sveinsson
3. Miðursmálsvörður hefir ekki sleifi
4. Inntöku í fjelagið óskaði Sigurður Jóhannsson. Samþykt með öllum greiddum atkvæðum
5. Úrsögn kom frá Óla Sigfússyni.



6. Valgard Blöndal skýrði frá því fyrir hönd íþróttanefndar, að hún hefði fengið tilboð frá manni um að halda 1 mánaðar námskeið fyrir glímu og aðrar íþróttir nú fljótlega. Lagði hann þetta málefni fyrir fundinn til umræðu og afgreiðslu. Um það ræddu: Eyþleifur Bjarnason, Eyþór Stefánsson.
   Tillaga um að fela nefndinni framkvæmdir viðvíkjandi þessu, var samþykt með öllum greiddum atkvæðum.
7. Guðjón Sigurðsson las upp kvæði „Toppi litli“ og smásögu eftir Soffíu Ingvarsdóttur „Frú Ruth“.
8. Skipaðir starfsmenn til næsta fundar. Fundarstjóri Guðjón Sigurðsson
   Málshefjendur: Guðm. Sveinsson og Eyþleifur Bj.
   Skemtinefnd: Svavar Guðmundsson, Valdimar ~~Ritnefnd~~ Guðmundsson og Anna Kristjánsdóttir.

* Ritnefnd: ritstjóri og Eyþór Stefánsson.

Fleira ekki fyrir tekið. Sungið: Nú er frost á Fróni. Ræðan hans var ekkert verri fyrir tekið slitið.

Valg. Bl.

7. fundur.

Sunnudaginn 1 des 1929 var fundur haldin í U. M. F. Tindastóll á venjulegum fundarstað Tindastjóri. Guðjón Sigurðsson setti fundinn kl 2½ ek. Skipaði hann til ritara Sigurð. Þ Jónsson og Kára. Sigurðsson og dyravörð Sigurð Steindórsson því næst var kveðin ein visa þarnæst las ritari upp síðustu fundargjörð og var hún samþikt með öllum greiddum atkvæðum 3 Ágeislinn kom ekki út 4 Móðurmálsvörðu ekki heldur 5 Úrsögn kom frá Guðrúnu Benediktsdottur og Ragnari G Jónsyni 6 Formaður las upp leyef frá Hatíðarmótsnefnd Í.S.Í. þar sem hún skoraði á U M F Tindastól sem öll önnur fjelög að senda mann einn eða fleiri á ~~nám~~ Iþróttanámskeið sem haldu á í Rvík



nú seinni partinn í vetur. þar sem kendar verða Íþróttir í þróttir til undirbúnings undir þingvalla hátíðina næstu vor Nefndin hefur ráðið sænskan kennara sem kemur væntanlega upp í februar og kennir til Júní loka. Þessu máli töludu þessir Sig. Þ Jónsson Svafar Guðmundsson Jens Þ Eyriksen Páll Þorgrimsson, Guðm Andrjesson og Friðvin G Þorsts Svo hljóðandi tillaga kom frá Svafari Guðmundssyni.
Fundurinn samþykkir að fela íþróttanefnd að taka málið til varð veislu og gjöra það sem hún sjer sjer fært til þess að málið nái fram að ganga Hún var samþykt.
Þá las formaður upp annað bréf frá Sambandsstjórn U.M.F Íslands. Um sögusöfnun til 25 ára Minningarrits

Um það ræddu Guðm. Andrjesson
Jens P. Eyriksen Páll Þorgrímsson
Sig. P. Jónsson Svafar Guðmundsson og
Friðvin G. Þorsteinsson. Af því loknu
var nafninu var málið tekið út
af dagskrá og frestað til næsta fundar.
Skipaðir starfsmenn til næsta
fundar. Fundarstjóri Páll Þorgrímsson
Aðrir starfsmenn þeir sömu og
áður. Mættir á fundi 12 fjelagar
Fundi slitið kl 4¼ e.h.
Sigurður P. Jónsson (ritari).

[illegible]



8. fundur.

Sunnudaginn 15. desember 1929 hélt
U.M.F. Tindastóll fund á venjulegum stað.
Fundarstjóri Páll Þorgrímsson setti
fundinn kl. 4½ s.d. og nefndi fyrir ritara
Eystein Bjarnason og dyravörð Kára Sigurðsson.
Gjörðir fundarins voru þessar:

1. Form. fél. skýrði frá að fyrir fundinum
lægi að kjósa nefnd til undirbúnings
jólatrésskemtunar, ef fél. vildi halda
slíka skemtun með líku sniði og undan-
farin ár. Til máls tóku: Svavar
Guðmundsson, Friðvin Þorsteinsson,
Jens Eiriksen, Sig. P. Jónsson.
Var síðan borin upp tillaga um að
kjósa fimm manna nefnd til undir-
búnings skemtuninni. Komu fram
tvær eða þrjár tillögur um menn í nefndina
og hlutu þessir kosningu, eftir
nokkrar umræður: Jens Eiriksen,

Svavar Guðmundsson, Magnús Bjarnason, Anna Kristjánsdóttir og Guðbjörg Jónasdóttir.

2. Ritstjóri Argeislans las hann upp og hafði hann að flytja: Eftir landnámstíð eftir Guðm. Andrésson. Alt hefir sinn stað, láttu alt aftur á sinn stað flytt in norsku.

3. Form. las upp bréf frá U.M.F.Í. um fyrirmæli um sögusöfnun til 25 ára afmælisrits U.M.F. Um málið töluðu: Jens Teiriksen, Magnús Bjarnason, Sig. P. Jónsson, Páll Þorgrímsson, Guðmundur Sveinsson, Friðvin Þorsteinsson og flestir oftar en einu sinni. Var síðan lesin upp tillaga frá Magnúsi Bjarnasyni um að fela stjórninni að útvega einhvern, einn eða fleiri, til að rita sögu fél. er síðan verði send stjórn U.M.F.Í. tillagan samþykt.

4. Eysteinn Bjarnason flutti skilaboð



frá Páli Jónssyni hvort fél. vildi ekki gjöra kauptilboð í kjallarann undir „Bifröst" og reifði málið síðan lítið eitt. Auk hans töluðu um þetta mál: Jens Teiriksen, Magnús Bjarnason, Friðvin Þorsteinsson. Kom þá fram tillaga frá Magnúsi Bjarnasyni svohljóðandi: Fundurinn samþykkir að kjósa þriggja manna nefnd, og felur henni í samráði við stjórn félagsins að athuga hverjir möguleikar séu fyrir því að fél. geti keypt kjallara Bifrastar. Jafnframt gefur hann stjórninni og nefndinni fullkomið vald til að ráða málinu til lykta, eftir því sem þeim sýnist heppilegast. Tillagan samþykt. Kosningu í nefndina hlutu: Eysteinn Bjarnason, Magnús Bjarnason og Jens Teiriksen.

5. Upplestrarmenn ekki mættir, í sambandi við það óskaði Magnús

Bjarnason eftir því að sem flestir væru útbúnir með efni til upplesturs á fundum.

6. Ritstj. Ásgeirs Kvaran mæltist til að starfrækja blaðið betur, og skoraði á fél. að rita í blaðið og það fleiri en skipaðir eru til þess. Auk hans ræddu málið: Magnús Bjarnason, Guðm. Andrésson

7. Þá var rætt um fundasókn og aðra starfsemi fél. Til máls tóku: Jens Eiríksen, Magnús Bjarnason, Guðm. Andrésson, Sig. Þ. Jónsson og flestir oftar en einu sinni. Loks mæltist formaður til þess að þeir Jens Þ. Eiríksen, Magnús Bjarnason, Guðmundur Andrésson og Friðrik Þorsteinsson stuðluðu að því að gjöra næsta fund sem fjölbreyttastann fjölsóttastann.

8. Ritstjóri skipaði í ritnefnd til næsta fundar: Magnús Bjarnason,



Friðrik Þorsteinsson og Eyþór Stefánsson.

9. Skipaði aðra starfsmenn til næsta fundar:

Fundarstjóri: Friðrik Hansen
Málsframsm.: Pétur Hannesson og Guðm. Sveinsson
Upplestursmenn: Sig. Þ. Jónsson og Guðjón Sigurðsson
Skemtinefnd: Pétur Guðmundsson, Kári Sigurðsson og Kristján Eiríksson.

~~Fleira ekki fyrirtekið~~

10. Eftir fyrirspurn frá einum fundarmanna skipaði form. íþróttanefndar frá að ekki mundu tök á að sinna málaleitun þeirri sem farið var fram á í bréfi því sem ~~Kol~~ hennar var vísað á síðasta fundi.

11. Tilkynt að skemtun hefjist kl. 8.

Fundi slitið kl. 7½ Eyþór Bjarnason

## 9. fundur.

Sunnudaginn 25 janúar var fundur settur á vana fundarstað fjel. Bifrost. af áður kosnum fundarst. Fridrik Hansen og nefndi hann til ritara Ketilríðr Sigbryggja og Guðrúnu Sigurdardóttir og eldsavörð Sigurd Jóhannsen

1. Sungið „Ó fögur er vor fósturjörð." eftir tilmælum fundarst.
2. Fundargjörð síðasta fundar lesin upp og samþykkt
3. Ársislum lesin upp af ~~ritst~~ ritstjór. Efni blaðsins var:
   1. Allt hefur sinn stað; allt á sinn stað (með
   2. Endur minning. —
   3. Við fossinn. —
4. Lesin upp niðurröðunarskrá, mættir á fundi 31
5. Stjórnm. Fridrian Þorst. lýsti því yfir að stjórnin og nefnd sú sem kosin



var á síðasta fundi hefði þegar fengið mann til að rita ~~sögu~~ sögu fjelagsins og á næsta fundi mundi fjelögum gefast kostur á að hlýða á hana, áður en hún irði send

6. Fjelagsm. Jens P. Eiríksson skýrði frá starfi jólatrésnefndar. Valgarð Blöndal gjet þakklæti sitt í ljós til nefndarmanna fyrir vel unnið starf ásamt áður velmæltu.
7. Inngöngu í fjelagið óskuðu eftir Sverrir Sigurðsson, Jón Ugnarsson, og Fridrik Júlíusson og var það samþ.
8. Fjáröflunarn. fjelagsins, sem búin var að starfa nær samfleitt í 7 ár sagði af sjer starfi sínu, Í henni höfðu setið Eyþór Stefánsson, Eysteinn Bjarnason og Valgarð Blöndal. Mæltu þeir almargt viðvíkjandi starfi sínu, ásamt þakklæti til fjelagsm. um góða

ódreisku þegar þess þurfti við. Einnig kann þeir með tillögu að nýrri nefnd sem lesin var upp. og hljóðaði á þennig Friðrik Þorst. Svafar Gudm. og Fr. Júlíusson um þá tillögu var rætt lítið eitt ásamt pakklæti til hinnar fáru nefndar og var það einnar kröftugast mælt af Svafari Gudm. sem mæltist einnig til að fundarm. stæðu upp í virðingarskini fyrir henni

9. Eysteinn Bjarnason skýrði frá, að Kjallara Kaupsnefnd hefði boðið Páli Jónssyni Kr. 3000 í Kjallaran undir Bifröst en því hefði hann ekki sint, kvaðst ann vel geta gefið fjélaginu hann

10. Friðrik Þorsteinsson flutti kveðju til fjélagsins frá Páli Jónssyni

11. Laga endurskoðendur voru kosnir Valgarð Blandal, Jens P. Eiríksen og Kr. Ing. Sigtryggs



12. Málefnam. Gudm. Sveinsson kvaðst að lítt hugsuðu máli, hafa látið sér til hugar koma að rætt yrði um skemtanir. — og er hann hafði rætt málið og reifað ásamt sinu álitið á skemtunum, tóku til máls Valg. Bl. 2. Eyst. Bl. 1. Fridr. Hansen 2.

13. Uppslestrarm. Sig P. Jónsson las upp „Heimkoman." (Kvæði eftir Kr. Jón.) Guðjón Sig. las upp „Sagan af hinum hrædda manni og vöndu kongsdóttur.

14. Starfsm. til næsta fundar
Funda-st. P. Gudm.
Málefnam. P. Hansen Gudm. Andrésson
Uppslestrarm. Eyst. Bl. Gudrún Sveinsdóttir
Skemtin. Gudbj. Jónsd. Ásta Jónsd. og Dýrleif Árnad.

Sungið „Vormenn íslands.
Fundi slitið kl. 6 og eitthvað
Kr. Ing. Sigtryggs

Samþ.
Eysteinn Bjarnason

# Aðalfundur
## 1930

Sunnudaginn 9/2 febr. hjelt U.M.F. „Tindastóll" aðalfund sinn í húsi fjelagsins og gegndi Eysteinn Bjarnason fundarstjóra-störfum í forföllum formanns sem var veikur.
Fundurinn var settur kl. 4½ og nefndi fundarstj. fyrir ritara Lárus Guðmundsson og dyravörð Baldur Steingrímsson.
Gjörðir fundarins voru þessar:
1. „Sungið: „Táp og fjör og frískir menn"
2. Lesin fundargjörð síðasta fundar og samþ.
3. Lesin „Vörvubók" Mættir á fundi 21 fjelagi
4. Þá voru tekin fyrir lög fjelagsins og lesin grein fyrir grein. Kom fram breytingar-tillaga frá Lagaendurskoðendum við 19. gr. og var feld. Breytingartillaga við 22. gr. að í stað „1929" komi „1930" samþykkt. Voru lögin síðan borin undir atkvæði í einni heild, og samþykkt
5. Þá voru teknar fyrir fundarreglur fjelagsins. Kom fram breytingartillaga frá lagaendurskoðendum við: 6. 7. og 8. lið 1. gr. Að í stað orðanna „að láta" komi „að biðja" og var hún feld.
6. Lesnar reglugjörðir fyrir: Heimilisfjelaga, Verðlauna-peninga, Húsbyggingarsjóð og Ungmennalaun (?) og samþ.
7. Næst voru lesnir reikningar: Húsbyggingarsjóðs, Röntgens-sjóðs og Orgelsjóðs og samþyktir af gjaldk.
8. Því næst las gjaldk. upp reikning yfir tekjur og gjöld fjelagsins og var hann samþ.
Kom fram athugasemd frá reikningsendur-skoðendum svo hljóðandi:
„Þegar við undirritaðir fórum yfir reikninga U.M.F. Tindastóll árið 1929, var mikið ógreitt af árstillögum frá fyrri árum. Því finst okkur rjett, að minsta kosti, það af árstillögum frá árið 1927 og það yfir sje felt burt úr reikningum fjelagsins og jafnframt að þetta fólk sje strikað út úr bókum þess." Sauðárkróki 8/2 1930
Óskar Stefánsson
Páll Þorgrímsson

Eysteinn Bjarnason kom með till. um að
vísa þessu máli til stjórnarinnar, og var það samþ.
9. Þá las gjaldkeri upp Efnahagsreikning fjelagsins
Eignir fram yfir skuldir kr. 4547,41, en
í þessa reikning hafði gleymst að færa
inn einn lið sem var góðgerðastöðin, og
er hún ~~virt~~ áætluð um kr. 750,00 virði.
10. Samkvæmt lögum fjelagsins var dregið um
hver þeirra skyldi ganga úr stjórn fjelagsins
Sig. P. Jónsson eða Friðrik Þorsteinsson. Var
dregið á miðum og kom Sig. P. Jónsson upp.
Í hans stað var kosinn Jens P. Eiríksen.
með lófaklappi. Vara stjórn endurkosin.
Reikningsendurskoðendur endurkosnir.
11. Kosning „Móðurmálsvarðar" kom fram
uppástunga frá Friðriki Þorsteinssyni

Friðrik Júlíusson, Sig. P. Jónsson,
Ragnhildur P. Sigurvals, Sigríður Njálsdóttir
Páll Þorgrímsson. Samþykkt.



12. Ritstjóri Ásgeislans endurkosinn
13. Lesinn „Ásgeislinn"
14. Fundarmál. Valgarð Blöndal bað um leyfi
að mega setja annan mann í sinn stað í
Íþróttanefnd og stakk upp á Guðjóni Sigurðssyni,
og var samþykkt.
15. Úrsagnir komu frá Þuríði Jónsd. og Guðmundi Andrjessyni
16. Eysteinn Bjarnason skýrði frá viðtali við Pál
Jónsson, um kaup á kjallaranum. Kom til
tals með þeim hvort U. M. F. „Tindastóll" vildi
kaupa kjallarann eftir mati. Var rætt
um þetta nokkra stund og síðan tekið
út af dagskrá.
17. Þá gat Eysteinn Bjarnason þess að hann
hefði fengið skeyti frá Aðalsteini Sigmundssyni
er biður hann að sjá um að ungmennafjelögin
í Skagafjarðarsýslu, beiti sér fyrir að senda
áskorun á Alþing að veita dr. Helga Pjeturssyni
heiðurslaun þau er hann hefir sótt um. Tillaga
frá Valgarð Blöndal að taka málið út af dagskrá

18. Málefnamenn. Voru ekki mættir
19. Upplestrarmenn: Eyþór Stefánsson var ekki mættur. Guðrún Sveinsdóttir las kvæðið „Saga málarans"
20. Skipaðir starfsmenn til næsta fundar þannig:
Fundarstjóri: Pjetur Guðmundsson
Málefnamenn: Pjetur Hannesson, Friðrik Hansen
Upplestrarmenn: Eyþór Stefánsson, Sigríður Njálsd.
Ritnefnd: Guðbjörg Jónasd. Kristján Eiríksson og Jón Agnarsson
21. Sungið: „Ó fögur er vor fósturjörð"
22. Fundi slitið klukkan 8 e.m.

Svavar Guðmundsson
(ritari)



## 2. Fundur.

Sunnudaginn 23. janúar 1930. var fundur haldinn í U.M.F. Tindastóll á venjulegum fundarstað. Fundarstjóri Pétur Guðmundsson var ekki mættur, og var í hans stað skipaður fundarstjóri Guðjón Sigurðsson.
Fundarstjóri Guðjón Sigurðsson setti fundinn kl. 6¼ e.m. Skipaði hann til ritara Jón Agnarsson og Sig. P. Jónsson og dyravörð Friðrik Júlíusson
Gjörðir fundarins voru þessar:
1. Sungið: Vormenn Íslands.
2. Lesin fundargjörð síðasta fundar og samþykt.
3. Lesinn „Árgeislinn"
4. Lesin Viðverubók. Mættir á fundi 19 félagar.

5. Stjórnarmál. Friðvin Þorsteinsson skýrði frá því að stjórnin hefði skift með sér verkum þannig að formaður er Friðvin Þorsteinsson gjaldkeri Svavar Guðmundsson ritari Jens P. Eirikssen.
Friðvin þakkaði fyrverandi form. Sig. P. Jónssyni fyrir ágæta samvinnu, og usnaðist eftir að fá að njóta starfskrafa hans þó hann léti af stjórnarstörfum.
Friðvin lagði einnig fram svohljóðandi tillögu:
„Fundurinn samþykkir að veita stjórn félagsins leyfi til að fella burt úr næsta árs reikningum ógreidd árstillög, sem hér segir
1. frá 1927 og þar yfir kr. 30.00
2. Do. 1928 - 27.00
3. Do. 1929 - 33.00
Samtals kr. 90.00



Þó er stjórn félagsins skylt að reyna að innheimta, nú á þessu ári, alt það sem hægt er, af ofangreindum skuldum.
Ennfremur leggur hún til, að nöfn 14. félaga (skr. viðvernbók) verði strikuð út úr bókum þess.
Um tillögu þessa urðu dálitlar umræður og var hún síðan samþykt.

6. Félagsmál: Málshefjendur voru ekki mættir. En eftir áskorun fundarstjóra tók til máls Magnús Bjarnason.
Hóf hann ræðu sína útúrvað á þá leið:
„að þótt sér þætti það nú engin kostaboð sem fundarstjóri byði sér, þá ~~all~~ ætlaði hann nú samt sem áður að tala nokkur orð. Talaði hann síðan um að nauðsyn bæri, til þess að halda uppi sundkenslu á komandi vori. Taldi hann ekki frágangssök að sækja til sundnáms fram að

Reykjarhólslaug.
Til máls tóku auk framsœlanda Friðvin Þorsteinsson og Eysteinn Bjarnason, hann taldi ekki frágangssök að fara fram að Reykjum til sundnáms. Jens P. Eiríksen tók einnig til máls. Taldi hann sundið, eina hina gagnlegustu íþrótt sem félagið hefði á stefnuskrá sinni. Hann taldi einnig óþarft að halda uppi sundkennslu í sundstaði félagsins í Sauðárgili, af þeirri ástæðu að þar væri aðeins kalt vatn. Friðvin Þorsteinsson tók í sama strenginn, og kvað það vera orðið svo nú á tímum að enginn maður vildi drepa hendi í kalt vatn.
Þá kom svohljóðandi tillaga frá Eysteini Bjarnasyni:
„Fundurinn samþykkir, að fela



stjórn fél. að skrifa erindi til sýslunefndarinnar um sundkennslu handa Sauðkræklingum, og fara fram á styrk til ferða og dvalarkostnaðar handa þeim við aðalsundlaug héraðsins, verði ekki unt að koma á kennslu við sundstaði fél. eða hér í nágrenni kauptúnsins. Tillagan samþykt.
Frá Svavari Guðmundsyni lesin upp svohljóðandi tillaga:
„Fundurinn samþykkir að kjósa 3-ja manna nefnd til að athuga möguleika fyrir sundiðkan í framtíðinni fyrir kauptúnið. Tillagan samþykt.
Kosningu í nefndina hlutu:
Eysteinn Bjarnason
Magnús Bjarnason
Sig. P. Jónsson.
Friðvin Þorsteinsson beyndi fyrirspurn til Magnúsar Bjarnasonar

viðvíkjandi störfum íþróttanefndar fyrir væntanlegt héraðsmót á komandi sumri. Magnús svaraði þessu með nokkrum velvöldum orðum. Dálitlar umræður urðu síðan um þetta mál.
Jens P. Eiríksen tók svo til máls, og talaði um að nauðsynlegt væri að veita einhverjum nýjum straumum inn í félagið. Hann minntist á, að fyrir nokkrum árum, hefðu ungmennafélögin heimsótt hvert annað, og mælti hann mjög með því.
Kvað hann það hafa margt gott í för með sér, svo sem aukna kynningu milli félaganna o.fl.
Til máls tók í þessu máli Friðvin Þorsteinsson. Óskaði að þetta mál yrði látið bíða þangað til síðar. Jens svaraði því með



nokkrum orðum. Magnús Bjarnason talaði einnig nokkur orð.
Skoraði hann á „móðurmálsvörð" að taka upp nokkur orð sem féllu hjá Jens, og Magnúsi þótti miður góð íslenska.

7. Starfsmenn til næsta fundar.

Fundarstjóri: Friðrik Júlíusson
Málefnam: Óskar Stefánsson
Sig. P. Jónsson
Upplestrarm: Páll Þorgrímsson
Jón Agnarsson
Skemtinefnd: Friðvin Þorsteinsson
Sverrir Sigurðsson
Guðrún Sigurðardóttir
Ritnefnd: Ásta Jónasdóttir
Sverrir Sigurðsson
Kristján Eiríksson.

8. Sungið: „Gekk ég fram á gnýpu"
9. Fundi slitið kl. 8 og 5 m. e.m.

Jón Agnarsson.

## Aukafundur

Fimtudagskvöldið 27 mars 1930 kl. 8 kallaði stjórn U. M. F. „Tindastóll" saman aukafund.

1. Fundur settur kl 8.45 af formanni fjelagsins, og nefndi hann til ritara Jens P. Eiriksen

2. Formaður skýrði frá tildrögum fundarins er voru þau að nú væri að Hólum staddur íþróttakennari Sigurður Greipsson við kenslu þar. Og að stjórn fjelagsins og íþróttanefnd langaði til að nota þetta tækifæri og senda þangað 1 eða fleiri menn. Kvað hann einn mann vera búinn að gefa kost á sjer, Sig. P. Jónsson, er mundi vera þar 1/2 mánuð eða jafnvel 3 vikur, sem er sá tími er kenslan ætti eftir að standa yfir.

Til máls tóku: Kristján Sigtryggsson



Magnús Bjarnason, er báðir voru mjög hlyntir málinu. Sá síðast nefndi (M. B.) skoraði á fjelagið að sinna þessu og meina að segja að senda 2 menn. Ennfremur talaði hann nokkuð um knattspyrnu. Kastaði hann fram til athugunar hvort fjelagið ekki sæi sjer fært að hafa sjerstakan knattspyrnu flokk drengja innan fjelagsins. Einnig töluðu P. H. Sig. P. J. Eyþór St. — Svohljóðandi tillaga kom frá P. H.: Fundurinn samþykkir að senda tvo menn á íþróttanámsskeið það sem nú stendur yfir á Hólum í Hjaltadal, ef auðið er að fá menn til fararinnar, og ákveðið að styrkja þá með alt að 70 kr. fjárframlögum af fjelagssjóði. Samþykt.

M. B. skoraði fastlega á Friðrik Þorsteinsson að taka að sjer að fara heimeftir með Sig. P. J. Friðrik gaf ekkert ákveðið svar en sagðist hafa nægar ástæður fyrir því, þótt hann ekki færi. — Önnur mál lágu eigi fyrir fundinum. Fundi slitið kl 9 1/2.

Jens P. Eiriksen
(ritari)

Sunnudaginn 30 marz var fundur
haldinn í U.M.F. Tindastóll í húsi
fjelagsins kl. 4 e. m. þar eð
Fundarstjóri var ekki viðlátinn
var settur fundarstjóri Páll Þorgrímsson
af form. fjel. og nefndi hann til ritara
Valdimar Guðmundsson. Fundargjörð frá
næstsíðasta fundi ekki upplesin ritarinn
fjarverandi og fundargjörð frá auka-
fundi síðast óinnfærð og því ekki
upplesin.
Gjörðir fundarins voru þessar
1. Lesin Viðverubók mættir á fundi 16 fjelagar
2. Fjelagsmál Gróðrarstöðin framsm.
form. fjel. Friðvin Þorsteinsson
gat þess að enn væri margt athuga-
vert og ógert henni viðvíkjandi
inn og t.d. að ekki væri enn
fullgjörður steinugarðurinn fyrir norður



hlið stöðvarinnar auk framannefnda tóku
til máls Jens P. Eiríksen Eysteinn Bjarnason
og Þórunn Sigurðardóttir og var það samhuga
vilji þeirra allra að reynt yrði að
koma þessu í framkvæmd á næstkomandi
sumri og Eysteinn Bjarnason skaut því
fram að jafnvel mætti taka lán
til framkvæmda verksins ef nægilegt
fje væri ekki fyrir hendi, eftir talsverðar
umræður um málið kom fram munnleg
tillaga frá Eyst. Bjarnas. þess efnis að
fela stjórn fjelagsins allar framkvæmdir
í þessu máli; tillagan borin upp og
samþykkt. Þá kom sömuleiðis fram
skrifleg tillaga frá Eyst. Bjarnasyni
Fundurinn heimilar stjórn fjelagsins að kaupa
gaddavír gróðrarstöðvarfjelagsins nóga aðstoð
við hirðingu stöðvarinnar á n. k. sumri
tillagan borin upp og samþykkt.
fleira ekki um það mál rætt.

næst tók til máls Jens P. Eiríksen og mintist á skemtiferðir sem fjelagið að undanförnu hefði farið bæði heimsóknir til annara fjelaga og skemtiferðir úti um náttúruna og mæltist til að fjelagið léti þær ekki undir höfuð leggjast í framtíðinni.
Form. fél. stakk uppá að kjósa 5 manna nefnd til undirbúnings og framkvæmda í þessu máli
Form. stakk uppá þessum í nefndina
Eysteinn Bjarnason Dýrleif Árnadóttir Guðbjörg Jónasd. Sveinsína Bergsd. Magnús Bjarnason
Öll samþykt. Þá las form. upp skilagr. yfir tekjur af sjónleiknum Æfintýri á gönguför og voru hreinar tekjur kr. 237,64 aur.
Fleira kom ekki til umræðu fundarsl. til næsta fundar skipaður Ásta Jónasd. ritar stafsm. sömu Sungið Vormenn íslands. Fundi slitið kl. 6 ½.

(ritari) Valdimar Guðmundsson



Sunnud. 27. apríl 1930 var fundur haldinn í U.M.F. Fundastól, á venjul. stað. Fundurinn var settur af Jens P. Eiriksen og nefndi hann til ritara Magnús Bjarnason og dyravörð Kára Sigurðsson.
Þetta gerðist á fundinum:
1. Lesnar 3 fundargerðir og voru þær allar samþykktar án breytinga.
2. Friðvin Þorsteinsson las bréf frá Frk. Halldóru Bjarnadóttur um héraðssýningu á heimilisiðnaði á n.k. vori. Varð Friðrik Fjel. skyndilega svo hrifinn af lestrinum, að hann bað að bera bréfritaranum kveðju sína og þakklæti. Urðu nú um málið miklar umræður, og tóku þessir til máls: Svavar Guðm., Jens P. E., Guðm. Sveins., M. Bjarnas., Guðrún Sveinsd. og Friðvin Þ.
Tillaga kom fram um að taka málið út af dagskrá og var hún samþykkt.

Formaður, Friðvin J., las upp bréf frá Aðalsteini Sigmundssyni, starfsmanni U. M. F. Í.

3. Kosnir fulltrúar til Sambandsfundar. Þessir hlutu kosningu: Friðvin J., Svavar Guðmunds., Jens P. E., Pétur Hannesson og M. Bjarnason, og til vara Valgarð Blöndal, Guðm. Sveinsson og Sig. P. Jónsson.

4. Rætt um Gróðrarstöðina. Málinu vísað til stjórnarinnar.

5. M. Bjarnason hóf máls á því, að skemmtilegt væri, ef. geta sent íþróttamenn suður á Alþingishátíðina. Fanst honum rétt, að félagið leitaðist fyrir um, hvort nokkrir menn fengjust til þeirrar farar. Um þ. r. Sig. P. Jónsson, Jens P. E., Friðvin og Guðm. Sv. Kosnir í nefnd til að íhuga málið, þeir, Sig. P. Jónsson, M. Bjarnason og Jens. P. E.

6. Jens P. Eiríksen talaði um nauðsyn



þess, að ungmennafélagar iðkuðu meir en áður útileiki og útiíþróttir. Færði hann máli sínu til stuðnings mörg rök og hvatti menn til framkvæmda.

Mættir á fundi 20 félagar.

7. Skipaðir starfsmenn til næsta fundar:
Fundarstjóri: Sig. P. Jónsson
Málefnamenn:
Guðrún Sveinsdóttir
Eysteinn Bjarnason
Upplestrarmenn:
Páll Þorgrímsson
Jón Agnarsson
Skemtinefnd:
Svavar Guðmundsson
Dýrleif Árnadóttir
Jófinna Maríusardóttir
Ritnefnd: Eyþór Stefánsson
Valgarð Blöndal og Guðrún Sveinsdóttir.
Sungið: Vormenn Íslands. Fundi slitið.

Samþykt Fr. Hjálm[?]

Magnús Bjarnason
(ritari)

Sunnudaginn 19. okt. 1930. var fundur haldinn í U. M. F. „Tindastóll“ á venjulegum stað. Fundinum var settur af formanni fjelagsins. Friðrim Þorsteinssyni, kl. 4½ nefndi hann til ritara Jens P. Eiriksen, dyravörð Valdemar Guðmundsson og vara dyravörð Sig. Jóh. Jóhannsson. Sungið: „Vormenn Íslands“.

Gjörðir fundarins voru þessar:

I. Lesin fundargerð frá síðasta fundi og samþ.

II. Lesin viðvernbók mættir á fundi 21 fjel.

III. Skjörnarmál. Formaður skýrði frá orsökum þess að stjórnin ekki hefði gera neitt við „Gróðaarstöðina“ á síðast liðnu vori. Ástæðan var sú að hún vildi ekki taka lán til þess, en það hefði verið óhjákvæmilegt sökum peningavöntunar.

IV. Starf fjelagsins á komandi starfsári. Um þetta urðu miklar umræður.



Til máls tóku V. B. J. P. E. Sv. G.

V. Blöndal benti meðal annars á, að eitt, sem kynni að bæta starfsvið fjelagsins t. d. fundarsókn væri útvarp. Taldi jafnvel sjálfsagt að fjel. reyndi að fá sjer móttöku tæki. Vildi þó eigi koma með tillögu þess efnis að svo stöddu, heldur vildi fyrst sjá hvernig tækist með hina nýju útvarpsstöð í Reykjavík.

Þá tóku enn til máls Baldur St. gr. son Friðrim Þ. Eysteinn Bj. E. B. benti á að nú þyrfti fjelagið aðallega að snúa sjer að starfsviðinu innávið, sem sje fundarsókn og fjörugum fundum. Því á undan förnum árum hafi fjel. aðallega beitt sjer útávið húsbygginu o. fl. sem beinlínis ekki tilheyrði starfsviði fjelagsins. V. B. benti á hvort fjel. ekki gæti starfað dálítið útá við er

gæti vakið eftirtekt í fjelaginu. Benti hann á að haldnir yrðu 4-5 ~~að~~ alþýðufyrirlestrar, er allir væru velkomnir á.

Friðrik Júl. kom með svohljóðandi tillögu: Fundurinn samþ. að kjósa 4 manna skemtinefnd til að skemta á næsta fundi. samþ. gegn 3 mótatkv.

Kosningu hlutu: Friðrik Júlíusson
Valgarð Blondal
Ásta Jónasdóttir
Guðrún Sigurðard.

V. Kosin íþróttanefnd. Kosningu hlutu:
Sig. P. Jónsson
Sverrir Sigurðsson
Kári Sigurðsson
Valdemar Guðmundsson
Sig. Jóh. Jóhannsson

VI. Sv. G. gerði fyrirspurn til fundarins, hvort ekki væri tímabært að tala um afmælisfagnað fjelagsins.



Til máls tók J. P. E. Tillaga frá V. B. að kjósa 7 manna nefnd. Í nefndina voru kosnir:
Friðrik Júl. Valdimar Guðmundsson
Óskar Stefánsson, Sveinsína Bergsd.
Póla Sveinsd. Guðríð Tómasdóttir og
Ragnh. P. Sighvats.

VII. Skipaðir starfsmenn til næsta fundar:
Fundarstjóri Kári Sigurðsson
Málshefjendur:
Eysteinn Bjarnason
Baldur Steingrímsson
Upplesarmenn:
Páll Þorgrímsson
Jófinna Marinsdóttir
Skemtinefnd:
Sverrir Sigurðsson
Kristín Sölvadóttir
Ásta Jónasdóttir
Ritnefnd: Eyþór Stefánsson Valgarð Bl.
Guðrún Sveinsdóttir.

VIII. Sungið: Hvað er svo glatt.
IX. Fundi slitið kl 7.

Jens P. Eiríksson
(ritari)

Sunnudaginn 16/11 1930 var fundur
haldinn í U. M. F Tindastóll á
venjulegum fundarstað Kl. 4½ em.
í fjarveru fundarstjóra Kára Sigurðssonar
var í hans stað skipaður fundarstj.
Magnús Bjarnason sem setti
fundinn og nefndi til ritara
Valdimar Guðmundsson dyravörð
Friðrik Júlíusson Gjörðir fundarins voru þessar
1. Lesin fundargjörð síðasta fundar og samþ.
2. Lesin viðveru bók mættir á fundi 14 fél.
3. Tekinn í félagið eftir beiðni Páll Ögmundsson
4. Form. las upp bréf frá stjórn S. U. F. S.
þess efnis hvort félagið vildi ekki
stuðla að því að komið gæti á
íþrótta námskeiði og ráðinn
íþrótta kennari. umræður urðu
fremur litlar um málið en því
vísað til íþróttanefndar
5. Skilagrein frá Afmælisnefnd.



Formaður nefndarinnar Friðrik Júlíusson
las upp Reikningsyfirlit yfir kostnað
og ágóða af Afmælishaldinu
og er það sem hér segir
Innfengnir peningar fyrir 129 manns kr. au.
1/80 á mann = 232,20

Útborgaðir peningar
Til Abels 12.00
Húslán 25.00
Ýms gjöld 10.80
Til Páls Þorgrímssonar fyrir 129 manns
1/45 á mann = 184.40
samtals 232.20

Formaður Íþróttanefndar Sig. P. Jónsson
skýrði frá því að nefndin
væri þegar tekin til starfa
og hefði fengið góðar undirtektir
með þátttöku bæði karla og kvenna
þátttökugjald 50 aurar á viku undanteknum Glímunni sem eru gjaldfrjáls

Þá kom til umræðu 4. manna skemtinefndin sem kosin var á síðasta fundi en sem til mikilla von-brygða hafði ekkert handbært og bað um frest til næsta fundar. Þar næst varð hlé á umræðunum og farið að segja sögu. Sögumaður var Magnús Bjarnason. Þá vakti Eysteinn Bjarnason máls á því að fjelagið reyndi að stuðla að því að fá búin til smá merkji sem voru um hvöru að verði og sem yrðu líking af Alþingishátíðar merkjunu Skagfirðinga og selja þau til aukins fjár fyrir fjelagið. Ummræður um það urðu fremur litlar og málið ~~þvíð~~ ~~tekið~~ út af dagskrá. Fleira ekki tekið fyrir skipaðir starfsm. til næsta fundar

Fundarstj. Ásta Jónasd.
málefnarsh. Sveinsína Bergsd. Sig P. Jónsson
upplestram. Guðbjörg Jónasd. Jens P. Eiríksen
Skemtinefnd. Guðrún Sigurðard. Anna Kristjánsd. Valdimar Guðm.
Ritnefnd. sama og áður. Fundi slitið kl. 6½ em.

Valdimar Guðmundsson (ritari.)



Sunnudaginn 14 des. 1930 var fundur haldinn í U. M. F. T. á venjulegum fundarstað kl. 5 e.m. Í fjærveru fundarstjóra Ástu Jónasdóttir var skipaður fundarstjóri Páll Þorgrímss. sem setti fundinn og nefndi til ritara Óskar Stefánsson og dyravörð Jón Agnarsson.

Gjörðir fundarins voru þessar:

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykt.
2. Lesin viðvera bók mættir á fundi 20.
3. Stjórnarmál: Formaður las brjef frá sambandsritara U. M. F. S. um sögu ágrip fjelaga, og skýrði form. að sögu ágrip U. M. F. T. væri að mestu til, og mundi verða sent bráðlega, enn fremur gat hann þess að nokkur brjef og bók um Færeyja för Íslenskra Knattspyrnumanna lægi fram

til lestrus fyrir þá fjelaga, sem
vildu.
4. Formaður gat þess að fyrir fundinum
lægi að kjósa nefnd til undirbúnings
Jólatrjesskemtunar ef fjelagar vildu
halda skemtun með líku fyrirkomu-
lagi og að undanförnu.
til máls tóku: Jens Eiríksen, V. Blöndal
Friðvin Þorsteinsson.
í nefndina voru kosnir: Jens Eiríksen
Óskar Stefánsson Svavar Guðmundsson
Guðbjörg Jónasdóttir og Anna Kristjánsd.
Ragnhildur Sighvats.
5. Fjelagsmál: Ursögn kom frá Hólmfríði
Jóhannesdóttir.
a. Ursögn frá Halldór Vídalín en
sökum skuldar hans við fjelagið
var ekki úrsögnin tekin of gild
fyr en skuldin yrði greidd
b. Þorvaldur Þorvaldsson frá Brennigerði



óskaði inngöngu í fjelagið, og var
það samþykt.
6. Eysteinn Bjarnason, kom með tillögu
um, að endur nýja heimboð fyrir
U. M. F. Glóðafeykir.
til málstóku: Jens Eiríksen Eysteinn
Bjarnason, Friðv. Þorsteinsson V. Blöndal
Fjelaga kom ~~til laga~~ um að kjósa 5 mannanefnd
til undirbúnings, kosningu hlutu:
Eysteinn Bjarnason Eyþór Stefánsson
Valgard Blöndal Jóhanna Blöndal og
Ásta Jónasdóttir
7. Prógramnamannefndin: Valgard Blöndal
las upp sögu "Dómarinn", fleiri
nefndarmenn störfuðu ekki
8. Málefnamenn: Störfuðu ekki.
9. Upplestrarmenn: Jens Eiríksen las upp
sögu, "Stúlkan Nr. 12." hinir störfuðu
ekki.
10. Fleyra ekki tekið fyrir, kosnir starfs

menn til næsta fundar:
Fundarstjóri: Sig. P. Jónsson
Málefnamenn: Valgard Bl. Guðbjörg Jónasd.
Upplestrarmenn: Jón Agnars. Ásta Jónasdóttir
Skemtinefnd: Jón Agnarsson (varam.) ~~Lárus Sigurðsson~~ Fr. Þ.
Ásbjörn Stefánsdóttir. Ragnh. Sigtr. ~~Anna Kristjánsdóttir~~.
Fundi slitið kl 7½. e.m.

Óskar Stefánsson (ritari)



4/1 1931 var fundur haldinn hjá U M F Tindastóll á Sauðárkróki og hófst kl 4½ s.d.
Fundarstjóri Sig P Jónsson setti fundinn nefndi hann til ritara Kára Sigurðsson. og dyravörð Pétur Guðmundsson.
Á fundinum gjörðist þetta.
1. Sungið Ég vil elska mitt land.
2. Fundargjörð síðasta fundar: lesin og samþykt:
3. Lesin vitfreyjubók.
4. Eysteinn Bjarnason. flutti félaginu orðsendingu frá Páli Jónssyni í Sigurfirði þess efnis, að félaginu gæfist kostur á að kaupa
ca Kjallarann undir Bifröst með fasteignar verði sem að nyjlust kr 2700.00. Vilji félagið ekki sinna þessu verður

seldir öðrum. Samþykt var á
fundinum að kjósa 3ja manna
nefnd til þess að athuga málið
og koma með tillögur fyrir
næsta fund. Kosnir voru í
nefndina Friðrik Þorsteinsson
Eysteinn Bjarnason og Peter Hansen
5 Inntökubeiðni komu frá Þórði
Sighvats og Ingvari Eiríkssyni
og var þeim veitt inntaka í
félagið
6 Eysteinn Stefánsson hóf máls á því
að athuga þyrfti hvort ekki
væri rétt að Tindastóll tæki
leigu fyrir leiktjöld og annað
fleira sem félagið á, en fylgi
aftast með í leigu hússins
án þess að gjalda sé fyrir
til tekið. Í því máli töluðu
Friðrik Þorsteinsson sem taldi



sjálfsagt að athuga þetta og koma
því í betra horf. Einnig Magnús
Bjarnason og Páll Þorgrímsson
voru á sama máli
Eysteinn Stefánsson kom með þá
tillögu að vísa málinu til
stjórnarinnar og var hún sam-
þykt
7 Kosnir voru 2. lagaendurskoðendur
og hlutu kosningu Sig P Jóns
og Magnús Bjarnason varamaður
Eysteinn Stefánsson
8 Sig P Jónsson ræddi um
íþróttamál vildi hann vita
hvort félagið myndi ekki
styrkja íþróttirnar áfram með
fjárframlag í þessu máli
Töluðu Friðrik Þorsteinsson
Magnús Bjarnason og Eysteinn Stefán
Sig P Jónsson kom með þá

tillögu um að fjelagið styrkti íþrótti eins og að undanförnu. þann lima sem íþróttum ýrði haldið uppi. Tillagan var samþykt.

9. Upplestrarmenn störfuðu ekki en í því sambandi las Magnús Bjarnason smásöguna.

„Þrumasfulli syndarinn"

10. Skipaðir starfsmenn til næsta fundar. Fundarstjóri Kári Sigurðsson Upplestrarmenn Magnús Bjarnason Ásta Jónasdóttir

Málefnamenn Valgarð Blöndal

Guðbjörg Jónasdóttir

11 sungið 12 Fundi slitið kl. 6.

Kári Sigurðsson
(Ritari)

Samþykt
Fr. G. Þorsteinsson



# Aukafundur.

Sunnudaginn 1 febr. 1931 var haldinn aukafundur í U. M. F. „Tindastóll" Form. setti fundinn kl. 6¼, og nefndi fyrir ritara Hávarð Guðmundsson dyravörð Pjetur Guðmundsson.

Þá fjekk orðið Eysteinn Bjarnason. Var hann ~~hann~~ með málefni fyrir fundinn. Var þá orsending frá Sjálfstæðisfjelagi Skagafjarðar, þess efnis að bjóða U. M. F. „Tindastóll" að vera með í kappinu á Víðboðsviðtæki. Lýsti hann afstöðu sinni til málsins og var þess hvetjandi að U. M. F. T. færi í fjelagskaup þessi með Sjálfst. fjel. Skfj. ef það vei sjer fært. Hvatti hann fundarm. að taka til máls og láta álit sitt í ljósi um mál þetta.

Til máls tóku Valgarð. Blöndal, Friðrik G. Þorsteinsson, Páll Þorgrímsson, H. Guðmundsson

Kom fundinum sjer saman um að kjósa nefnd í málið skakk fram upp á

3 mönnum í nefndina þeim Pál Þorgrímssyni þórði P. Sighvats og Hávari Guðmundssyni. Var uppástung samþykkt og skyldi nefnd þessi skila áliti á fundi þann 8. feb. n. k.

Nefnd sú er kosin var til að íhuga möguleika til að sinna tilboði Páls Jónssonar um kaup á kjallaranum undir Bifröst, kom með svohljóðandi tillögu. „Fundurinn samþykkir að sinna ekki tilboði Páls Jónssonar að svo stöddu" tillagan samþykkt.

Var Eysteini Bjarnasyni falið að tala við Pál Jónsson og tilkynna honum þetta.

Fleira gjörðist ekki á fundinum.

Mættir á fundi 12 fjelagar

Fundi slitið kl. 4¼

Samþykkt
F.H.Þ.

Hávar Guðmundsson
ritari



# Aðalfundur 1931.

Sunnudaginn 8. febrúar 1931 var aðalfundur U. M. F. „Tindastóls" settur og haldinn í húsi fjelagsins. kl 4¼.

Formaður fjelagsins Friðvin Þorsteinsson, nefndi hann til ritara stjórnarritara Jens P. Eriksen, og dyravörð Þorvald Þorvaldsson.

Gjörðir fundarins voru þessar:

1. Sungið: „Vormenn Íslands."
2. Lesin fundargerð síðasta reglulega fundar og samþykkt. Ennfremur fundargerð frá aukafundi 1/2. einnig samþykkt.
3. Spurningakassinn kom ekki út, sökum þess að ritnefndin hafði ekki starfað.
4. Lesin viðvemubók. Mættir á fundi 20 fjel.
5. Þá voru tekin fyrir lög fjelagsins, og lesin grein fyrir grein af formanni fjelagsins; breytingalaust, nema 22. gr.

að í stað 1930 komi 1931. samþykkt.
Lögin síðan borin upp í einni heild og
samþykkt í einu hljóði
6. Lesnar reglugerðir fyrir: Heiðursfjelaga,
Ákvæði um aukafjelaga og Húsbyggingar-
sjóðs allar samþ. óbreyttar.
7. Lesnar fundarreglur. Samþ. óbreyttar.
8. Þá las gjaldkeri fjelagsins Svavar Guðmundsson
upp endurskoðaða reikninga fjelagsins
ásamt fylgiskjölum, þeir voru: reikningar:
Röntgens sjóðs, Húsbyggingarsjóðs og
Orgelssjóðs. Reikningarnir allir samþ. óbreyttir.
9. Þá var lesinn upp reikningur yfir tekjur
og gjöld fjelagsins og samþ.
10. Formaður las upp skýrslu um starfsemi
fjelagsins á s. l. ári
11. Lesinn upp jafnaðarreikningur fjelagsins.
Eignir fram yfir skuldir á nýjári
Kr. 5590,37. samþ.
12. Stjórnarkosning: Samkvæmt lögum fjelagsins



átti formaður Friðvin G. Þorsteinsson að
ganga úr stjórn þar eð hann hafði setið
í stjórn í 3 ár, og vildi eigi taka endur-
kosningu. Tillaga frá stjórnarm. Svavar
Guðmundssyni og Jens P. Eiríksen að
Páll Þorgrímsson tæki sæti í stjórn.
Aðrar uppástungur komu frá: Friðrik Júl.
um Valgarð Blöndal og frá P. Þ. um
Valdemar Guðmundsson. Páll Þorgrímsson
kosinn í stjórnina til 3 ára með 41 atkv.
13. Friðvin Þorsteinsson þakkaði meðstjórnendum
sínum góða samvinnu og árnaði fjelaginu
allra heilla í framtíðinni. Friðrik Júl.
bað fundarmenn að standa upp í þakkar-
skyni við fráfarandi formann.
14. Varastjórn: Guðmundur Sveinsson, Pétur
Hannesson og Eyþór Stefánsson, endurkosnir.
15. Reikningsendurskoðendur kosnir Óskar B.
Stefánsson og Sig. P. Jónsson
16. Fjáröflunarnefnd skilaði af sjer eftir ársstarf.

16. Var hún endurkosin með lófaklappi.

17. Árgeislinn ritstjóri Jens P. Eiríksson talaði nokkur orð um hann, um leið og hann sagði af sjer ritstjórn hans eftir <u>6 ára</u> starf. Hjelt hann fram að ef fjelagar sýndu ekki meiri áhuga fyrir blaðinu heldur en síðustu árin, mundi best vera að leggja hann niður. Til máls tók Friðv. Þ. Kom hann fram með tillögu um að reynt yrði að halda Árgeislanum uppi eitt árið enn þá. samþ. Tillaga frá ritstjóranum að Guðrún Sveinsdóttir tæki við ritstjórn samþykkt.

18. Nokkrar umræður urðu um móðurmálsvörðinn. Hvort honum skyldi halda áfram eða ekki. Þar sem hann aldrei hefði komið út á síðast liðnu ári. Að endingu voru þessir kosnir: Friðvin G. Þorsteinsson, Sig. P. Jónsson, Kári Sig., Eysteinn Bj. og Óskar B. Stefánsson, eftir uppástungu frá Sv. G.



19. Útvarpstækjanefnd, er kosin var á síðasta aukafundi, kom með nefndarálit sitt. Kvað hún að tæki er væru nægjandi fyrir Bifröst, gætu varla farið undir 800.00 kr. — Til máls tóku: Jens P. E. er mótmælti mjög að farið yrði út í kaup á tækjum nú á komandi ári. Einnig tóku til máls P. Þ. og Friðv. Þ. Mótmælti hinn síðarnefndi einnig mjög miklum kaupum á viðtækjum. Samþykkt að taka málið út af dagskrá, en taka það aftur inn á næsta fundi.

20. Kosinn maður til að hafa eftirlit með eignum fjelagsins, leiktjöldum og öðru. Og leigja það út í samráði við formann fjelagsins. Kosningu hlaut: Óskar B. Stefánsson

21. Svavar Guðmundsson þakkaði fyrir hönd stjórnarinnar, Friðvin Þorsteinssyni góða samvinnu. Og um leið bauð hann Páli Þorgrímss. velkominn í samstarfið.

22. Skipaðir starfsmenn til næsta fundar:
Fundarstjóri: Kári Sigurðsson
Málefnamenn: Guðbjörg Jónasdóttir
Sig. P. Jónsson.
Upplesarmenn: Ragnhildur P. Sighvats
Friðrik Júlíusson
Skemtinefnd: Þórður P. Sighvats
Jóh. Sig. Jóhannsson
Pálína Bergsdóttir.
Ritnefnd:

23. Sungið: Þá hugsjónir fæðast.
24. Fundi slitið kl. 6¾.

Jens P. Eiríksson
(ritari)

Samþykt
Kári Sigurðsson



2. fundur.

Sunnudaginn 22. Febr. 1931, var fundur haldinn í U. M. F. „Tindastóll“ á venjulegum fundar stað „Bifröst“.
Fundarstjóri Kári Sigurðsson setti fundinn kl. 3½ og nefndi hann til fundarritara Fulltr. G. Þorsteinsson dyra vörð Páll Þorgrímsson.

Gjörðir fundarins voru þessar.
1. Fundargjörð síðasta fundar lesin upp og samþykt
2. „Árgeisli“ kom ekki út.
3. Mótar máls vörður kom ekki út.
4. Lesin Víkverji bók Málsins á fundi
5. Jólatrjes nefndin skilaði af sjer formaður hennar Jens. P. Eiríksson las upp reikning yfir tekjur og gjöld skemtunarinnar. tekju halli kr. 5.15 aur. greiðist úr fjelagssjóði. Um það ræddu Fr. G. Þorsteins M. Bjarnason og Eyþór Stefánsson.

6. Tillaga kom frá Jens um at fela Eysteini Stefánssyni at sjá um kaupa á Saltkeranum fyrir næsta haust í samráðum við stjórnina.

Tillagan samþykt.

Jens P. Eiríksson talaði því næst um at full þörf væri á því at fá "Sirsinn" hjá við "Bifröst".

Til máls tóku: Páll Þorgrímsson

Ritari S. G. Þorsteinsson.

Svo hljóðandi tillaga kom frá Magnúsi Bjarnasyni:

"Fundurinn samþykkir at fela stjórn félagsins í samráðum við húsráðsmann að koma upp þessu þarfa húsi eigi síðar en um Sýslufund.-

Samþykt

7. Ritari G. Þorsteinsson óskaði eftir að stjórn félagsins



sækti um styrk til S.U.F.S. til íþróttakenslu sem fram hefur farið hér í vetur.

Um það ræddu. M. B. Jens. P. E. Jóh. S. Jóhannesson

Fleiri mál ekki rædd á fundinum

8 Skipaðir starfsmenn til næsta fundar.

Fundarstjóri: Kristján Sigtryggsson

Aðrir starfsmenn þeir sömu

Fundi slitið!

H. G. Þorsteinsson

3. Fundur.

Mánud. 6. apríl 1931 (innan í Páskum)
Var fundur haldinn í U. M. F. Tindastóll
á venjulegum fundarstað Bifröst og
stjórnað af Kr. Sigtryggssyni.

I. Sungið Vormenn Íslands.

II. Fundarstjóri skipaði til fundarritara
Valdimar Guðmundsson og dyravörð
Sig. P. Jónsson

III. Lesin upp fundargerð síðastafundar
og samþykkt.

IV. Kosnir fulltrúar á sambandsfund.
Kosningu hlutu. Svavar Guðmundsson
Jens P. Eiríksen, Páll Þorgrímsson
Friðvin G. Þorsteinsson Sig P. Jónsson

V. Skilagrein frá fjáröflunarnefnd
af sjónleiknum Lénharður fógeti
brúttó tekjur af leiknum 962 kr, 50
Þá létu nokkrir fundarmenn
í ljósi þakklæti sitt til

Tekjur að frádregnum kostnaði með Töldum



fjáröflunarnefndar fyrir vel unnið starf
og þó sérstaklega þakkir til
Eyþórs Stefánssonar fyrir hans mikla
og erfiða starf við allann undir-
búning og útfærslu leiksins.

VI. Gjaldkeri félagsins Jens P. Eiríksen
gerði fyrirspurn til fundarins
hvernig haga skyldi með
Grjótnarsstöðina þar sem þörmunn
mundi ekki fáanleg til að hugsa
um hana framvegis og var nú
málið sett framm og aftur.
þessir tóku til máls Jens P. E.
V. Bl. M. Bjarnar. Eyst. B.
Fr. G. Þorsteins Sv. Guðmundsson
Eftir langar og strangar umræður
kom framm svohljóðandi tillaga
frá Eyst. B. Fundurinn samþykkir
að fela stjórninni að sjá um starf-
rækslu grjótnarsstöðvarinnar n. k. sumar

Tillagan borinar upp og samþykt
VII. Þá kom fram önnur fyrirspurn til fundarins frá Jens. um það hvort fjelagið ætti ekki að hugsa til skemtiferðar í vor eða sumar eins og að undanförnu og vildi að kosin yrði nefnd til að undirbúa það, þar eð vafasamt væri hvort hægt yrði að koma á fundi seinna og var þá stjórninni falið að skipa þá nefnd ef fundur kæmist ekki á.
VIII. Valgarð Bl. hóf máls á því að ræða- þyrfti um Sundstæði fjelagsins en þar sem fundartími var takmarkaður sá fundurinn ekki fært að taka fleiri mál fyrir og var málinu því frestað og þá fleira ekki tekið fyrir á fundinum nema skipaðir starfsm. til næsta fundar.



| | |
|---|---|
| Fundarstjóri | Sig. Jóhannsson |
| Málefnam. | V. Bl. Fr. G. Þorsteinsson |
| Upplestrarm. | Anna Kr. Guðr. Sigurðard. |
| Skemtinefnd. | Sig. P. Jóns. Eyþór Stefáns. Guðr. Sig. |

Fundi slitið.!

Valdimar Guðmundsson

## 4. Fundur.

Sunnudaginn 24 ókt 1931 var fundur haldinn í U. M. F. Tindastól á venjulegum fundarstað. Fundinum stjórnaði formaður fjelagsins Svavar Guðm. Skipaði hann til ritara Friðrik Jul. og dyravörð Magnus Bjarnason.

Gjörðir fundarins voru þessar:

1. Sungið: Hvað er svo glatt.
2. Lesin upp fundargerð frá síðasta fundi 3/4/31 og samþykkt.
3. Lesin viðvernbók mættir 12 fjelagar.
4. Hvorki Argeislinn eje möðurmálsvörður komu út.
5. Starfsemi fjelagsins og komandi vetri, flutningsmaður Jens P. Eiriksen. Til máls tóku Magnus Bjarnason. Talaði hann um að stofnuð yrði ný deild innan fjelagsins, þar sem



unglingum innan 12 ára fengu að vera fjelagar. Aðrar umræður urðu ekki um þetta mál, og því tekið út af dagskrá fyrst um sinn.

6. Jens P. Eiriksen skýrði frá sambandsfundi S. U. F. S. er haldinn var að Reykjum 10 mai s. l. Var hann einn af 5 fjel. fulltrúum frá Tindastól er hafði getað mætt þar. Út af þessu urðu nokkrar og snarpar umræður. Til máls tóku: J. P. E. M. B. E. S. og S. G.
7. Upptöku í fjelagið sóttu: Hálfdán Sveinsson og Ólafur Gíslason samþ.
8. Form. skaut til fundarins hvort honum sýnist ekki að hafa afmælisfagnað nú sem að undanförnu. Hvaðst hann leggja til að þessu sinni yrði það á annan hátt en að undanförnu, sem sje engar veitingar. Bjóst við að lítil þátt-taka yrði með því móti

nir á þessum tímum. En lagði aftur á móti til að vandað yrði aftur á móti til skemtananna. Byrjað yrði kl 6. ýms skemtun til kl 7-8 og þá færu allir heim til kl 9 og þá byrjaði dans. Til máls tóku: Eyþór St. Magnus Bj. og Páll Þ. Voru þeir allir sammála þessari hugmynd.
Sá síðastnefndi P. Þ. ætlti eftir að húsið yrði annaðhvort málað eða gert hreint fyrir þann tíma.
Svohl. tillaga frá M. B. fundinum samþ. að láta gera húsið hreint og fela stjórninni í samráði við húsvörðinn framkvæmdir í málinu samþ.
Tillaga frá Eyþór St. um 5manna afmælisnefnd. Kosningu hlutu: Friðvin Þ. Kr. Sigtryggsson Óskar Stefánsson Sveinsina Bergsd. og Ástríður Stefánsd.
9. M. B. lagði fyrir fundinn hvort ekki skyldi skipa íþróttanefnd. En þar sem



hin síðast skipaða íþróttanefnd hafði ekki skilað af sjer, var samþ. að skipa eigi nýja nefnd fyr.
10. Fleira lá ei fyrir fundi.
11. Skipaðir starfsmenn til næsta fundar:

| | |
|---|---|
| Fundarstjóri: | Valdemar Guðmundsson |
| Málshefjendur: | Eyþór Stefánsson<br>Friðvin Þorsteinsson |
| Upplesturmenn: | Friðrik Júlíusson<br>Sveinsina Bergsdóttir |
| Skemtinefnd: | Sverrir Sigurðsson<br>Ólafur Gíslason<br>Pála Sveinsdóttir |
| Ritnefnd: | Eyþór Stefánsson<br>Magnus Bjarnason<br>Dýrleif Árnadóttir |

12. Fundi slitið

Friðrik Júlíusson
(ritari).

Samþykt
Valdimar Guðmundsson

# 5. fundur

Sunnudaginn 8 nóvember 1931 kl. 4 3/4
var fundur settur og haldinn í U.M.F.
Tindastól á venjulegum fundarstað
Fundinum stjórnaði Valdimar nokkur
Guðmundsson stór og myndarlegur
maður. Skipaði hann til ritara
fyrst Friðvin Þorsteinsson og neitaði hann
því en orsök vissu fundarmenn enga
en hún kom í ljós síðar á fundinum
svo að fundarstjóri varð að fá annan
og nefndi hann til fundarritara Pál
Þorgrímsson og tók hann þeirri
kosningu þeginsamlega því maður-
inn er allur uppslept þeginn
Dýravörð kaus fundarstjóri ný innskr-
áðann í U.M.F.T. Olaf Gíslason.

Gjörðir fundarins voru þessar
1 Sungið Ó fögur er vor fósturjörð
allir stóðu upp og margir sungu en
mest heyrðist til Frissa fíl



2 Lesin fundargjörð síðasta fundar
og samþ. gert þá stóð Friðvin Þ. upp
og þótti ekki vera skýrt nóg vel frá
gjörðum sambandsfundar og sérstaklega
afmælisnefnd sem kosinn var á síðasta
fundi hvað hún ætti að gjöra og tilkynt
nefndarfólki ófeimt svo auðvitað gat
hún ekki enn starfað þessi nefnd
3 Árgeislinn kom ekki út og urðu all
snarpar umræður út af honum
til máls tóku Fr. Þ. Svavar G. Fr Júlíus
og Jens P. E. og stóð Jens sig þar með
prýði bauðst hann til þess að tala við
ritstjóra Árgeislans sem er kvenmaður
og vita hvort hún myndi halda áfr-
amm við blaðið eða sleppa því.
Ekki nefndi Jens neitt hvort hann
talaði við ritstjóra að nótt eða degi
enda kemur það engum við
Inní þetta Árgeislamál kom
Móðurmálsvörður hann var sagna fár

inn og stundum fyr. Ekki varð
rifildi um hann bara stælur
4 Fundarstjóri gleymdi Viðvarnabók
sem von var því hann hafði nó
með að halda fundarfólki í
skefjum svo sitar gaut snjóhvít-
um augum upp á hvern ~~sem var~~
fjelagsmann sem var mættur á
þessum fundi og setti 1 strik ~~við~~ að
aftan við nafn hans þeir sem
komu eftir fundarsetningu
fengu ½ strik
5 Stjórnarmál engin
6 Nefndarstörf Formaður fjáröflunar
nefndar skilaði afsjer ágóða hluta-
veltu frá sama degi að upphæð
88 Kr. 65 aura og um leið þakkaði
hann fjáröflunar nefnd fyrir þessa
krónur sem hún saug útúr ja
minsta kosti mjer !



7 Fjelagsmál
Friðrin Jóst. tók til máls
og var mjög þungur á svipinn
en samt bergmáluðu orð hans í
Moldunámum og lísti því yfir
að hann væri ekki ánægður með
þessa afmælisnefnd og varð jeg þá
hissa því hann var fyrsti maður
á nefndina og vildi hann fyrst
og fremst að stjórnin reyndi að
fá Bifröst fyrir lítið gjald og svo
hitt að afmælisfólkið fengi útsmá
í magann um kvöldið í Bifröst
fyrir að hakka brúnum á Páli
Formaður sem orðinn var lammóður
svaraði Fr. um leið bjóst ekki við
að húsláns maður myndi slaka
til á húsaleigu Bjóst hann við
að flestir ungmfj. mundu sætta þessu
skemtun betur ef hún irði hjemma

Kosnaðar laus Þá stóð Jens P. E.
upp og fór að fjalla ráðin en
það atvik kom fyrir að Eyþór
Stefánsson kom inni fundarsalin
stikaði svo hast og þungt að
funda var að ráðunaður skildi
ekki fipast Eyþór settist við
ofninn það var funkiitt ~~að~~ ofnin
á aðra hönd og svo kvennfólká
á hina það fór vel um dreing
þar hast tóku til máls Friðrik
svo form. Fr. aftur svo form báðir
kullandi sveittir því þeim bar
ekki saman nema um misskilning
því alt var tómur misskilningur
enda kom öllum saman um að
alt sem talað var í þessu máli
vari misskilningur Um orðið
bað ein kvennmaður vitið þið
hver hún var hún var ekki mjög



trá en prestinn um lendarnar
það var hún Sína hvaðst hún
hafa talað við U.M.Fjelaga og
nokkr allir sem hún hefði minst á þetta
við vildu kaffi mágur hennar
~~var~~ varð glaður við þessa fregn
bjóst hann við að geta prangað
út nokkrum kaffibollum
og þá fór Pálína að liftast til
í sæti sínu af ánægju mitt Einn stóð
upp nýr til þess að tala í þessu
máli Friðrik Jóhnson þá varð hann
svo lángur að hann náði narri
uppi hvelvingu á Bifröst hann
talaði stutt því það kom ittkvað
í hálsinn á honum svo hann hætti
í bráð. Eyþór Stefánsson tók til
máls að hann vildi hafa ódýrar
veitingar en alsekki að það gengi
trúr listar kaffi listi og ekki kaffi-

það voru ornar lángar umræður
um þetta mál því allir sem
töluðu töluðu víst af hjartans
sannfæringu. ~~Ég~~ Oskar Stefánsson
byrjaði að tala um þetta mál
austur við veg og enti við það að
hann rak stóð á fundarstjóra
Afmælisnemdin starfaði sú sama
en bætt við tveimur Ástu Jónasd.
Valdimar Guðmundsyni
Af því að búið var að tala
skrúnglega í þessu máli var
það tekið útaf dagskrá
8 ~~Upplest~~ Málefna menn störfuðu
ekki Upplestra menn ekki
9 Formaður vildi láta skipa íþrótta nemd
~~og~~ stjórninni var falið að skipa
nemdina
10 Fleiri mál lán ekki fyrir
fundinum



11. Fundarstjóri skipaður til n. fund.
Oskar Stefánsson
12 Aðrir starfsmenn þeir sömu
13 Sungið Vormenn Íslands
14 Fundi slitið

Páll Þorgrímsson
Samþ. (ritari)
Oskar Stefánsson

## 6. fundur.

Sunnudaginn 6/12 árið 1931 var fundur haldinn í U.M.F. fundasalnum á venjulegum fundarstað „Bifröst“. Fundarstjóri Óskar B. Stefánsson setti fundinn kl. 5 og nefndi til fundarritara Sigurð G. Þorsteinsson og dyravörð Hálfdán Sveinsson.

Gjörðir fundarins voru þessar

1. Lesin fundargerð frá síðasta fundi af Páli Þorgeirssyni, og var hún samþykt.
2. Lesin Útbreiðslumálin á fundi 14 Fjelagar
3. Formaður afmælisnefndarinnar gjörði ~~grein fyrir~~ reikningsskyl fyrir hönd nefndarinnar: tekjur af afmælinu 3,85 en af enu gjald hvers fjel.



4. Eysteinn Bjarnason skýrði frá starfi og móttöku nefndar þeirrar, er hafði með höndum undirbúning undir heimsóknina. Glóa Geirsins [hingað] á setasi bitann sunnan: þakkaði hann nefndinni og öðrum fjelögum fyrir góð starf og drengilega þáttöku í kostnaði, við heimsóknina.
5. Valgarð Blöndal.
Hreifði því hvort ekki væri vel til fallið, að myndaður yrði ofur lítill sjóður, til þess að styrkja með nægilegum af mælis fagnað fjel sem er (25 ára) afmæli þess: benti á það að ekki mundi verða hjá því komist að bera eitt hvað meira í kostnað, þá frekar en venjulega hefði. Um það ræddi Sigurður Þorsteinsson og var því fylgjandi að þetta mál væri athugað og stjórninni falið að sjá

~~athuga~~ um það fyrir næsta fund, og
var það borið ~~og~~ upp ~~var það~~ og samþykt.

6. Jens P. Eiríksen. las því næst upp
bréf frá sambandsritara
U.M.F.Í. Guðmundi J. frá Mosdal
um sögusöfnun til 25 ára
Minningarrits U.M.F. og urðu
um það nokkrar umræður:
Til máls tóku auk framsöguanda
Á.G.Þ. V.B. P.Þ. eftir nokkurt þóf
var málinu vísað til stjórnarinnar
til frekari framkvæmda, og var
það ~~borið~~ upp og samþykt.

7. Þá mintist Jens þess, að ritari
„Árgeislans“ Guðrún Sveinsdóttir
gæti ekki starfað í vetur, sökum fjar-
veru sinnar, og hefði nú þegar skýrt
formanni „Árgeislans“, í sambandi við
það benti hann á að, Guðm.
Andrésson mundi kanski taka að



sér ritstjórnina í vetur til ~~aðal~~ fundar.
og var það eindregin vilji allra fundar
manna, og ~~borið~~ upp og samþykt
með öllum atkvæðum

8. Eftir sérstakri fundar samþykt skal
stjórn fjel. skipa íþrótta nefnd
fyrir næsta fund.

9. Skipaði starfsmenn til næsta
fundar.
Fundarstjóri: Sverrir Sigurðsson
Málefnamenn: Jens P. Eiríksen Páll Þorgrímsson
Upplesaramenn: þeir sömu
Skemtinefnd: I
Búnefnd: þeir sömu.
I Óskar Stefánsson
Sveinsína Bergsdóttir
Friðr. G. Þorsteinsson

10 Fundi slitið

(Friðr. G. Þorsteinss.)
ritari.

7 fundur

Sunnudaginn 17 Jan árið 1932
Var fundur haldinn í U.M.F. Tindastóll
í venjul. fundarstað, fundarstjóri
Sverrir Sigurðsson setti fundinn kl 5 e.m.
Nefndi til fundarritara Eyþór Stefáns
dyravörð Sig. Jóh. Jóhannsson.
Gjörðir fundarins voru þessar:

I Sungið. Hvað er svo glatt
2. Lesin fundargjörð frá síðasta
fundi, af Friðv. Þorsteinssyni, og samþ.
3 Skilagrein frá fjáröflunarnefnd
yfir tekjur kr 60,20 af skemtisamkomu
á annan jóladag s.l.
4 Jens Eriksen gat þess að stjórn félagsins
hefði sent hið margumtalaða ágrip af
25 ára starfsemi félagsins eftir M. Bjarnason
til sambandsritara Guðm. Jónsson frá —
Mosdal



5. Tilkynning frá stjórninni um skipun
íþróttanefndar —
Friðvin Þorsteinss. Ólafur Gíslason
Páll Ögmundsson. Baldur Steingrímss
Óskar Stefánsson
Friðvin Þorsteinss gat þess, at hann gæti
ekki af ymsum ástæðum starfað í
nefndinni, eftir nokkrar umræður var
samþ. at kjósa mann í hans stað.
Kosningu hlaut Valdimar Guðmundsson
6. Reikningsendurskoðandi var kosinn
Friðvin Þorsteinsson í stað Sig. P. Jónssonar
7. Jens Eriksen vakti máls á því, at stjórnin
hefði verið falið at sjá um, eða athuga
hvort ekki leið til at stofna sjóð til
25 ára afmælishalds fél. at ári. Hann
gat þess at stjórnin teldi það leið, at taka
5% af brúttó tekjum félagsins frá 1 Jan
þ. árs. Um þetta urðu nokkrar umr.
Friðvin Þ. Eyþór Stefáns, Sverrir Guðmunds og fl.

tilætti í málinu, eftir nokkrar umræður var málinu frestað til síðari fundar.

8. Freistaðist þorsteinsson vakti máls á skemdum á leikvitinu og tjöldum félagsins sem orsökuðust af troðningi og óþarfa umgangi á dansskemtunum í Bifröst. Um það var talað aftur og fram af E.Bj Svavar G. Jens Eriksen Páli þorgrímssyni og E Stefánssyni at eitthvað leit fundinum svo á at ósjákvæmilegt væri annað en losa leikvitið í hvert skifti sem hefið væri notað fyrir dans og stærri fundi, þar með var málið tekið út af dagskrá.

9 Skipaðir starfsmenn til næsta fundar

Fundarstj. – Svavar Guðmundsson form. fél sjálfkjörinn, þar sem næsti fundur er ákveðinn aðalfundur



| | |
|---|---|
| Málshefjendur | Valgarð Blöndal |
| | Jens P. Eriksen |
| Upplestrarm. | Ástríður Stefánsd |
| | Ólafur Gíslason |
| Skemtinefnd | þorvaldur þorvaldsson |
| | Jófríður Marinósdóttir |
| | Páll Ögmundsson |

10. Sungið. „Ó fögur er vor fósturjörð“

11. Fundi slitið.

Samþykkt 3/1 1932

E Stefánsson R.

Svavar Guðmundsson

Sunnudaginn 31 Janúar 1932
var aðalfundur U.M.F Tindastóls
haldin á venjulegum fundarstað
Bifröst
Fundinum stjórnaði form.
fjelagsins Svavar Guðmundsson
nefndi hann til ritara stjórnarritara
Pál Þorgrímsson. Dyravörð Ólaf Gíslas.
Gjörðir fundarins voru þessar
1 Sungið Ó fögur er vor fósturjörð
2 Lesinn fundargerð síðasta funda
borin undir atkvæði og samþ.
3 Lög fjelagsins borinn undir at
atkvæði, samþykkt óbreitt
4 ~~Fundarreglur~~ Reglugerðir bornar upp og
samþyktar á án breitingar
5 Gjaldkjeri las upp reikninga
a. Húsbyggingarsjóður eignir Kr 169,21
b. Röntgenssjóður eignir Kr 321,78
c Orgelsjóður eignir Kr. 171,56

Við þennan reikning kom athuga
semd frá endurskoðendum
Vantar á reikning þennann Kr 2,00
samtvant sparisjóðsbók fr. árið 1931
sem færist á næstaro reikning
og þá gaf gjaldkjeri skíringu á
vöntunn á þessum tveim krónum
Utaf Röntgensjóð og Húsbyggingarsjóð
gerði Eysteinn B. athugasemd
að fjelagið borgaði sömu vexti
af lánum þeim sem fjelagið hefði
fengið hjá þessum sjóðum og borgaði
væru í Sparisjóð Sauðárkróks
P. þá las gjaldkjeri upp Aðalreikning
fjelagsins um þann reikning urðu
töluverðar umræður útaf einum
lið ógreiddum árstillögum frá
1929 – 31 vildu sumir láta strika
þá út sem skulduðu 9 – 6 Kr
aðrir vildu láta gefa eftir sumt

af árstillögum og voru skiptar-
skoðanir um þetta mál lox kom
framm tillaga frá Eysteini Bj.
svohljóðandi
Fundurinn felur stjór fjelagsins
að innheimta útistandandi árstillög
en gefur henni heimild til að gefa
eftir árstillög frá árunum 1929-30-
og fyrir árið 1931 hjá þeim sem ekki
hafa dvalið hér það fjelagsárið
Geti einhver ekki greitt árstillög fyrir
árið 1931 að öllu leiti en vilji vera
framvegis tillagi gjörir stjórnin tillögu
um það og leggja fyrir fund sinn
þessi tilllaga var borinn upp og
samþigt
Í þessu máli kom önnur tillög
frá Magnúsi Bjarnasyni borinn
upp og feld
Þar næst voru reikningr.

borinn upp og samþigtir
6 Formaður las upp Jafnaðarreikning
og voru eignir framm yfir skuldir
Kr 6082,31 aur.
7 Þá fór framm stjórnarkosning
Eins og að undanförnu átti
formaður að ganga úr stjórn og nýr
stjórnarmaður að koma stingu
þeir tveir stjórnarmenn sem eftir
sátu ~~stungu~~ uppá Óskari Stefánssyni
í stjórnina og var hann samþigtur með
öllum greiddum atkvæðum
í varastjórn Guðm. Sveinsson Pétur
Hannesson Eyþór Stefánsson endurk.
8 Reiknings endurskoðendur
Friðrik Þorsteinsson Eyst. Bjarnason
9 Árgeislaritstjóri Guðm Andresson
10 Móðurmálsvörður endurkosinn með lófaklappi
11 Fjáröflunar nefndin skilaði af sjer
endurkosinn með lófaklappi

12 Formaður las upp skýrslu um
starfsemi fjelagsins á síðasta
starfsári
13 Formaður las upp bréf frá Guðm.
frá Mósdal þar sem hann þakkar
fyrir sögu ágrip frá Tindastól
14 Þá kom inn umsögn frá Guðnýju
Tómasdóttir
15 Eysteinn Bjarnason kom með
orðsendingu frá Páli Jónssyni
Siglufirði sem tjáði svo U.M.F.T.
getur fengið keypta kjallaraíbúð
í Bifröst fyrir 3600,00 borgunar
skilmálar voru á þessa leið
greiðist við samninga 600,00 kr.
og 3000,00 á 10 árum með 6 pr.
vöxtum. Um þetta urðu nokkrar
umræður svo var kosinn nefnd
til þess að reyna að fá hagkvæmt
lán til kaupa og viðgerðar á kjallar

þessir voru kosnir í nefndina
Friðrik Þorsteinsson Valgarð Blöndal
Eyþór Stefánsson
16 Páll Þorgrímsson fór þess á leit
við fundinn að stjórnin fengi
að hafa umráð yfir orgelsjóð
á næstu 6 mánuðum eða jafnvel
árið með því skilirði að stjórn
U.M.F. tæki sjóðinn í ábyrgð sína
og greiddi sömu vexti og sparisjóður
S.króks. Um þetta mál urðu
töluverðar umræður en einn
stjórnarmaður vildi ekki taka
þessa ábyrgð á sig var það þá
felt og tekið útaf dagskrá
17 Jens og Páll þökkuðu hinum
fráfarandi formanni fyrir góða
samvinnu með mörgum góðum
og velvöldum orðum um leið og
þeir buðu Óskari velkominn í stjórn

18 Óskar Stefánsson var endurkosinn sem umsjónarmaður á kiningaklefa og öllum leik-útbúnaði
19 Skipaðir stafsmenn til næsta fundar. Fundarstj. Jens P. Eiríkss.
Málefnamenn
Valgarð Blöndal
Jens P. Eiríksson
Upplestrarmenn
Ástráður Stefánsd.
Ólafur Gíslason
Skemtinefnd
Þorv. Þorvaldsson
Jófinna Marteinsdótt.
Páll Ögmundsson
20 Sungið Ó, guð vors lands
21 Fundi slitið

Samþ.

Páll Jörgr.
(ritari)

Sunnud. 14. febrúar 1932 var fundur haldinn í U. M. F. Tindastóll í húsi félagsins Bifröst. Formaður setti fundinn og nefndi til ritara Magnús Bjarnason.
Þetta gerðist á fundinum:
1. Sungið: Ég vil elska mitt land.
2. Lesin upp fundargerð frá síðasta fundi og var hún samþykkt.
3. Jens P. Eiríksen, formaður, las upp bréf frá sambandsstjóra U.M.F.Í. Fór hann þess á leit við stjórn „U.M.F. Tindastóll" að fá upplýsingar um starf félagsins um eftirfarandi atriði:
1. Skýrslur til Sambandsins
2. Útrit félagsins
3. Bindindis[illegible]
4. Skinfaxi
5. Íslenzki fáninn
6. Tóbaksbindindi
7. Aukna notkun íslenzkra vara

8. Verndun sögustaða
9. Afstöðu félagsins til áskorunar
10. Þing Í.S.Í.
11. 25 óra afmæli U.M.F. Íslands.

Um bréfið urðu miklar umræður og tóku þessir til máls: Magnús Bjarnason, Páll Þorgrímsson, Valgarð Blöndal, Friðvin Þorsteinsson, Jens P. Eriksen.

Tillaga kom frá M. Bj. svohljóðandi: Fundurinn felur stjórn sinni og varastjórn að svara bréfi Sambandsstjóra.

Tillagan var samþykkt.

4. Málefnamenn.

Valgarð Blöndal talaði um nauðsyn þess að auka sem mest skíðaíþrótt meðal yngri og eldri manna hér í kauptúninu. Vildi fá norskan skíðakennara, til að kenna mönnum skíðaíþrótt, ef nauðsynleg skilyrði væru fyrir hendi. Einnig að U.M.F.Þ. styrkti þessa íþróttastarfsemi. Um. þ. ræddu: Magnús Bjarnason

5. Jens P. Eriksen bar fram tilmæli um, að stjórnin fengi leyfi til að kaupa járn til að girða með hluta af grjótvarsstöðinni

Um. þ. ræddu: Valgarð Blöndal, Páll Þorgrímss

Samþykkt að gefa stjórninni þetta leyfi.

Umsókn kom frá Ástu Jónasdóttur

Skipaðir starfsmenn:
Fundarstjóri: Peter Hannessen
Málefnamenn: Magnús Bjarnason
Valgarð Blöndal
Upplestrarmenn. Þeir sömu og áður
Skemmtinefnd: Þeir — " — " —

Fundi slitið

Samþykkt 28/3 1932

Jens P. Eriksen
(formaður)

M Bjarnason
(ritari)

Á annan í páskum 28 mars 1932 var fundur haldinn í U. M. F. „Tindastóll" á venjulegum fundarstað.

Formaður setti fundinn, og nefndi til ritara Friðrik Júlíusson og dyravörð Hálfdán Sveinsson.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar lesin upp og samþ.
2. Formaður las upp bréf frá sambandsstjórn S. U. F. S. Bréfið ræddi um sambandsfund, sem ákveðinn er í Hofsós þ. 8 maí n. k. Var skorað á Tindastól að senda fulltrúa þar sem mörg áríðandi málefni lægju fyrir fundinum. Merkast var stofnun á nýju sambandi austanvatna. Töluverðar umræður urðu um málið. Þessir tóku til máls: M. B. E. B. V. B. Sv. G. Fr. J. og J. P. E.
Tillaga um að senda 5 fulltrúa samþ.
Þessir hlutu kosningu:
Stjórnin: Jens P. Eiríksson, Páll Þorgrímsson
Óskar B. Stefánsson
og Eyþór Stefánsson og Sverrir Sigurðsson.
Varafulltrúar: Valgarð Blöndal, Eysteinn Bjarnason
Friðvin G. Þorsteinsson, Svavar Guðmundsson
og Friðrik Júlíusson. V. B. og M. B. brýndu fyrir fulltrúunum að standa fast saman gegn því að sambandið yrði tvö. Og yfirleitt að standa vel saman um málefnin.
3. Fjáröflunarnefnd, kom með skilagrein fyrir leiknum Hinn Skakki. Nettó tekjur voru Kr. 125.90. Sv. G. þakkaði utanfélögum fyrir veitta hjálp við leikinn. Ennfremur var öllum er að honum vann þakkað, og fjáröflunarnefndinni fyrir starfið.
4. Stjórninni var falið eftir tillögu frá V. B. að skrifa í 5 ungm. fjel. fram í firðinum hvatningarorð um að senda fulltrúa á sambandsfundinn.

5. Sv. G. kom með fyrir fundinn hvort ekki væri ráðlagt að fjelagið vátryggði allar eigur sínar, leiktjöld o.fl. Eftir nokkrar umræður, þar sem allir voru sammála um að þetta væri mjög nauðsynlegt, og hefði átt að vera búið fyrir, var stjórninni falið framkvæmdir í málinu.

6. Skipaðir starfsmenn þeir sömu og áður.

7. Fundi slitið.

Friðrik Júlíusson
(ritari)

Samþykt 24/4 1932
Jens P. Eriksen
(form.)

Sunnudaginn 24 april 1932. var venjulegur fundur haldinn í U.M.F. Tindastóll

Formaður fjelagsins Jens P. Eiriksen setti fundinn og nefndi til ritara Óskar Stefánsson og dyravörð Óskar Magnússon

Gjörðir fundarins voru þessar:

1. Fundargjörð síðasta fundar lesin upp og samþykt.

2. Stjórnarmál: formaður las upp svar U.M.F.T. við brjefi frá A.S. Sambandsritara dagsett í januar s.l. einnig lesið umboðsbréf frá U.M.F.T. til hr. Þorsteins Bjarnasonar Reykjavík til að mæta á aðalfundi Í.S.Í. sem fulltrúi fyrir Tindastól.
Eysteinn Bjarnason gat þess að Benidikt Voge hefði sagt að Tindastóll mætti hafa tvo fulltrúa og stakk hann uppá að kosinn yrði með Þorsteini, Gunnar

Guðjónsson bróðir Ben. G. Doge. og var það samþykt.

3\. Friðvin Þorsteinsson gat þess, að þar sem Svavar Guðmundsson væri fjærverandi til að leita sér læknishjálpar, væri æskilegt að félagið styrkti hann með einhverri fjárupphæð t. d. kr. 200,00 og var það samþykt.

Tillaga frá Eysteini Bjarnasyni að taka viðvíl alt að kr. ~~2~~150,00

Viðauka tillaga frá Valgarð Blöndal að ef ekki fengist viðvil að fá greitt leikið úr sparisjóðsbók orgelsjóðsins þessi upphæð, og var það samþykt.

4\. Fundarmál: Páll Þorgrímsson flutti beiðni frá U. M. F. Höfðstrendinga um, að lána leikrit og kunninga félagsins endurgjaldslaust öllum félögum innan U. M. Sambands Skagafjarðar.

Beiðnin kom upp eftir miklar umræður og feld.

Tillaga kom frá Eysteini Bjarnasyni svohljóðandi: Fundurinn lýsir ánægju sinni yfir því, hvaða afstöðu stjórnin tók, til leigu á leikritinu Spanskflugan í febrúar s. l. einnig æskir fundurinn þess að hún haldi sömu ~~reglu~~ stefnu í útlánum leikrita framvegis, þar til nánari reglur verða settar þar að lútandi. Tillagan samþykt.

5\. Tillaga frá Friðvin Þorsteinssyni svohljóðandi: Fundurinn samþykkir að fela stjórn félagsins að leita samkomulags við stjórn Lúðrasveitar Sauðárkróks um að halda úti samkomu á komandi vori, og skipi þær svo nefnd til framkvæmda. Tillagan samþykt.

Fleira gjörðist ekki, fundi slitið.

Samþ. 9. okt. 1932

Jens P. Eriksen
(form.)

Óskar Stefánsson
(ritari)

Sunnudaginn 9. okt. 1932 var fundur
haldinn í U. M. F. Tindastóll á
venjulegum stað.
Formaður fjelagsins Jens P. Eiríksen setti
fundinn, og nefndi til ritara Óskar
Stefánsson og dyravörð Óskar Magnússon
Gjörðir fundarins voru þessar:

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar
og samþykt.
2. Páll Þorgrímsson las upp skilagrein
frá skemtinefnd Lúðrasveitar Sauðárkróks
og Tindastóls er haldin var 19/6 1932.
ágóði af skemtuninni var til „Tindastóls"
kr. 30,37.
3. Lesnar upp úrsagnir frá Finnu Kristjánsd.
og Kristjáni Eiríkssyni
4. fundarmál: Formaður skýrði frá Sambands-
fundi er haldinn var í Hofsós 8 maí
síðastliðinn, til máls tóku Eysteinn
Bjarnason og Magnús Bjarnason
5. Formaður lagði fyrir fundinn hvort
ekki væri æskilegt að halda 25 ára
afmælisfagnað fjelagsins hátíðlegan
og var það samþykt, tillaga frá stjórn
fjelagsins um afmælis-nefnd var þessi:
Sigurður P. Jónsson (form.) Jón Agnars.
Svavar Guðmundsson Guðjón Sigurðsson
Dýrleif Árnadóttir Kristín Sölvadóttir
Pála Sveinsdóttir. tillagan samþykt.
nefndinni falið allar framkvæmdir.
6. Inngöngu óskaði í fjelagið Áki Jakobsson
og var það samþykt.
7. Eysteinn Bjarnason kom með tillögu
um að ekkju Snæbjarnar sál. Sigurgeirss.
yrði send minningar spjald undir
nafni fjelagsins og var það samþykt,
stjórninni falið framkvæmdir
8. Skipaðir starfs-menn til næsta fundar:
Fundarstjóri: Guðjón Sigurðsson
Málefnamenn: Magnús Bjarnason

og Jón Agnars.
Upplestrarmenn: Eyþór Stefánsson
Svavar Guðmundsson
Skemtinefnd: Guðjón Sigurðsson
Jón Agnars.
Pála Sveinsdóttir
Fleira gjörðist ekki fundi slitið.

Samþykt
Guðjón Sigurðsson

Óskar B. Stefánsson
(ritari)

## 6. fundur.

Ár 1932, sunnudaginn 23. okt. kl. 4 e.h. hélt U.M.F. Tindastóll fund á venjulegum stað.

Fundinn setti formaður félagsins Guðjón Sigurðsson og stjórnaði honum síðan, nefndi hann til ritara þá Eystein Bjarnason og Jens P. Eiriksen og dyravörð Svavar Steindórsson.

Gjörðir fundarins voru þessar:

1. Fundargjörð síðasta fundar upplesin, samþykt.
2. ~~Skýrði~~ Form. skýrði frá að stjórnin hefði sent ekkju Sneb. sál. Sigurgeirssonar minningarspjald skv. ályktun síðasta fundar.
3. Valg. Blöndal spurðist fyrir um svar sambandsstjóra við bréfi félagsins frá í vetur. Form. sagði bréfið ekki vísl sem stuð. Tóku fleiri undir ósk þá að heyra bréfið. Form skýrði frá að bréfið væri kurteist, hlýlegt. Taldi hann sjálfsagt að lesa bréfið upp á fundi, þegar það væri fundið.
4. Form. spurðist fyrir um undirbúning stofunnar

knattspyrnufél. sem ákveðin hefði verið af nokkrum félögum í U.M.F.Í. o.fl. Tveir nefndarmenn Valg. Blöndal og Friðrin Þorsteinsson skýrðu frá, að nefndin hefði athugað málið og ákveðið að hrinda málinu í framkvæmd í haustkauptíðinni. Auk þeirra töluðu: Magnús Bjarnason, Jens G. Eiríksen og Eysteinn Bjarnason og flestir oftar en einu sinni.

5. Inngöngu í félagið óskuðu Björn Kolla og Ole Bang og voru þeir samþ. sem félagar.

6. Valg. Blöndal óskar eftir því, í sambandi við bréf Í.S.Í, að leitað væri upplýsinga um sjávarlaugina í Bolungarvík og hvort Í.S.Í. vildi styrkja slíka byggingu. Til máls tóku auk ~~þess~~ hans: Magnús Bjarnason, Guðjón Sigurðsson, Jens G. Eiríksen og Páll Þorgrímsson. Tillaga um að vísa málinu til stjórnarinnar og viðaukatillaga um að heimila henni að taka sér fjá menn til aðstoðar samþykkt. Stjórnin valdi: Valgard Blöndal, Eysteinn Bjarnason og Guðjón Sigurðsson.

7. Guðjón Sigurðsson vakti máls á því, að erfitt væri orðið að fá nokkra til að spila fyrir dansi, og hefði sér og ýmsum öðrum hugkvæmst að bæta úr því á einhvern hátt, helst með „Dynamit-hátalara" í sambandi við „grammófón". Jafnframt því lýsti hann því yfir, að Lyfsali Bang hefði boðið að lána fél. fé til kaupa á „Dynamit-hátalara", og greiðist það smátt og smátt. Auk hátalarans taldi hann þurfa lítið áhald í sambandi við grammófón, sem V. Blöndal hefði boðið að lána, og kvað þetta mundi framleiða ágætt spil fyrir dansi. Til máls tóku Valgard Blöndal Magnús Bjarnason, Friðrin Þorsteinsson, Eysteinn Bjarnason og Páll Þorgrímsson og voru allir þakklátir fyrir hið góða tilboð lyfsalans. Samþ. að kaupa áhöld þessi og Guðjóni Sigurðssyni falin frekari framkvæmd.

10. Málefnamann. Jón Ágnarsson talaði rækilega um bindindiskeit og rakti sögu þess innan félagsins og sambandsins. Auk hans ræddu

máltíð: Eysteinn Bjarnason, Magnús Bjarnason, Páll Þorgrímsson, Friðvin Þorsteinsson, Valgard Blöndal og Jens P. Eiríksen. Flestir tóku oftar en einu sinni til máls. Málið tekið út af dagskrá.

11. Fundarstjóri tilnefndi starfsmann til næsta fundar:

Svavar Steindórsson, fundarstjóra.

Málefnamenn: Magnús Bjarnason, Páll Jakobsson.

Upplestrarmenn: Valgard Blöndal, Eysteinn Bjarnason.

Skemtinefnd: Ole Bang, Erla Bang og Þorvaldur Þorvaldsson.

Mættir 17. Fundi slitið kl. 7

Samþykt.
S. Steindórsson.

Jens P. Eiríksen
Eysteinn Bjarnason
— ritarar —

## 7. Fundur.

Ár 1932 sunnudaginn 6. nóv. kl. 4½ e. m. var fundur haldinn í U. M. F. Tindastóll á venjulegum stað. Fundarstjóri Svavar S. Steindórsson setti fundinn og stjórði honum, nefndi hann til ritara Jón Agnars. og og dyravörð Olaf Gíslason.

Gjörðir fundarins voru þessar.

1. Lesin fundargjörð síðasta fundar. samþ.
2. Lesin viðverubók mættir voru á fundi 22 félagar.
3. Formaður félagsins Jens P. Eiríksen las upp bréf frá S. U. T. S. og var efni þess um hvort mál er ungmennafélögin varðar þar á meðal um bindindisheitið. Svo kom hann með fundargjörð

síðasta aðalfundar S. U. F. S.
og las hana einnig upp.
Talaði Jens síðan um að nú
yrðu menn að fara að taka
ákveðna afstöðu til bindindis-
málsins. Kom þá fram svo-
hljóðandi tillaga frá Eysteini
Bjarnasyni:
„Fundurinn samþykkir að
kjósa þriggja manna nefnd
sem starfi í samráði við Þórð
P. Sighvats., og komi fram með
ákveðnar tillögur í bindindis-
málinu á næsta fundi."
Tillagan var samþykt, og í nefnd-
ina voru kosnir: Eysteinn
Bjarnason, Valgarð Blöndal
og Friðvin Þorsteinsson.
4. Lesin upp nokkur erindi, sem
gjörð höfðu verið sem kveðjuorð

frá U. M. F. Tindastóll til Ragnhildar
heitinnar Sighvats, og félagarámintir
um að sýna samúð sína, með
því að mæta við jarðarför hennar.
5. Stjórn félagsins stakk upp á
þessum mönnum í íþróttanefnd
Guðjóni Sigurðsyni, Helga Hálf-
dánarsyni, Þorvaldi Þorvaldsyni,
Sigurði Steindórssyni og Sigurði
P. Jónsyni, og voru þeir samþ.
6. „Árgeislinn": áskorun frá Eysteini
Bjarnasyni á stjórn félagsins
í samráði við afmælisnefnd
að sjá um að „Árgeislinn" kæmi
út á afmæli félagsins, en ef
það yrði ekki hægt, að þá yrðu
lesnar þar upp gamlar greinar
úr blaðinu. Til máls tóku
auk Eysteins, Valgarð Blöndal
Jens P. Eiríksen, Magnús Bjarnason

Páll Þorgrímsson, Helgi Guðmund
og var þetta síðan samþykkt.

7. Væntanlegt afmælishald fjelagsins
Um það urðu mjög snarpar
umræður, og þá sjerstaklega um
það hverjum fjelagið sjálft ætti
að bjóða sem heiðursgestum.
Til máls tóku að minsta
kosti 12 manns og sumir
oft. Að endingu kom fram
svohljóðandi tillaga:
„Fundurinn samþ. að fela
stjórninni alla framkvæmd í
málinu, og taka fyrir næsta
mál á dagskrá" Var tillaga
síðan borin upp og samþ.

8. Þá mintist Eyþór Stefánsson
á það að senn þyrfti aðgerðar
við áður en þar yrði farið að
leika. Til máls tóku auk

9. Inngöngu í fjel. óskuðu Helgi Hálfdánarson,
Pétur Jónsson, Ágúst Hreggviðsson og Sigurrós Sigurðard.
og voru þau samþ. fjelagar.

frummælanda: Páll Þorgrímsson,
Jens P. Eiriksen, Valgarð Blöndal
og Friðrik Þorsteinsson. Var málið
síðan tekið út af dagskrá.

10. Fundarstjóri tilnefndi starfsmenn
til næsta fundar:
Fundarstjóra: Þorvald Þorvaldsson.
Málshefjendur: Valgarð Blöndal
Ari Jakobsson
Upplestrarmenn: Eysteinn Bjarnason
Guðjón Sigurðsson
Skemtinefnd. Sama og áður.

11. Sungið

12. Fundi slitið kl. 7½

Samþykt
Þorv. Þorvaldsson

Jón Agnars.
(ritari)
Jón Agnars.

8. fundur

Ár 1932 sunnudaginn 20 Nov. kl 4.00 var fundur haldinn í U.M.F. Tindastóll á venjulegum stað.
Fundarstjóri Þorvaldur Þorvaldsson setti fundinn og nefndi til ritara Guðjón Sigurðsson og dyravörð Óskar Magnússon.

Gjörðir fundarins voru þessar:
Lesið og gjört síðasta fundar [illegible] lesin upp samþ.

1. Form. fjelagsins Jens P. Eiríksen gat þess að Ásgeirsson væri þegar farinn og óskaði eftir að fundurinn gerði út um það, hvort kosinn yrði ritstjóri blaðsins nú þegar, eða því frestað til aðalfundar. Kvaðst hann fúslega mundu fara inn í blaðið til aðalfundar með því skilyrði að fjelagar yrðu duglegir að rita í það. Til máls tók Eysteinn Bjarnason og hvatti hann fjelaga til að ganga að tilboði form.

var það síðan borið upp og samþykt

2. Form. skýrði síðan frá því að myndin af Jóni Sigurðssyni væri væntanleg gjöf frá fjelögum og óskaði eftir að fjelagar gæfu peninga til væntanlegs. Til máls tóku Páll Þorgrímsson og Eysteinn Bjarnason. hann þakkaði stjórninni fyrir skýlið yfir sennum og einnig fyrir myndina, en kvaðst nú lítið vilja deila á stjórnina fyrir að hafa ekki enn látið setja járnið kringum grjótvarstöðina.
Jens svaraði því nokkrum orðum hvað hann það hafa verið hugmyndina að fá það gert með gjafavinnu, en þess hefði ekki verið kostur innaf, og myndi því ekki vera annars úrkostar en kaupa vinnuna út og sagði að það mundi verða gert undireins og hagstæð tíð kæmi. Talaði hann um að það væri leiðinlegt hve illt væri að fá fjelaga til þess að leggja fram gjafavinnu í þágu fjelagsins

hvað hann ungmennafjelög sjer alt í kringum okkur standa okkur mikið framar í því efni. Friðvin Þorsteinsson talaði um að best væri, en úr því sem komið væri að gera þetta við fyrsta tækifæri enda þótt kaupa þyrfti hvern einasta hlut.
3. Jón Agnarsson lagði fram skilagrein afmælisnefndarinnar og voru Aftöktekjur kr. 7.50 um leið þakkaði hann fyrir hönd nefndarinnar öllum sem hafði aðstoðað hana að innverja leiti, og þá sjerstaklega Eyþóri Stefánssyni. Þá stóð upp Friðrik litli Júlíusson og þakkaði nefndinni og óskaði eftir lófaklappi til heiðurs henni og var það gert.
Gjaldkeri Páll Þorgrímsson vildi að stofnaður yrði sjóður með þessari hán ágóða sem notaður yrði til styrktar 50 aura afmælisháldi, einnig gat hann þess að sjer hefði þótt of margt á afmælinu Friðvin og Eysteinn mótmæltu þessu.

Eysteinn Bjarnason gerði þá fyrirspurn hvort ekki hefði verið framfylgt þeirri fundarsamþykkt að leifa ekki fjelögum, sem ættu ógreidd árstillög sín að vera á afmælinu. nokkrar umræður urðu síðan útaf ógreiddum árstillögum og tóku til máls Páll Þorgríms, Friðvin Þorsteins, Jens Jón Agnars, Sig. P. Jónsson og Friðrik Júlíusson
4. Guðjón Sigurðsson tók til máls f.h. íþróttanefndar, sagði hann frá Tilboði frá Sig. P. Jónssyni um íþróttakennslu var það á þá leið að Sig. P. Jónsson gæfi kost á sjer gegn kr 80.00 á mánuði í kenslulaun til máls tóku Friðvin, Eysteinn, Sig. P. Jóns. og fl. Og var málinu síðan vísað til íþróttanefndar til frekari athugunar.
5 Inngöngu í fjelagið óskuðu Ungfrú Ingibjörg Eiríksdóttir, Herra Hans Guðmundsson og Jón Þorvaldsson og voru þau samþykkt fjelagar

6. Málframenn.
Áki Jakobsson talaði um bindindismálið hann var eindregið á móti bindindisheitum og taldi áfengisnautn vera mjög við kryppur og því um líkt, sem sagt að kringumstæður manna skapi áfengisnautn. Menn sem ættu örðugt uppdráttar leiddust út í það að reyna að drekkja sorgum sínum í neitslu eyturefna s.s víni ópium og kókaini. Hvað hann spillingu aukast mjög innan stúkna og bindindisfjelaga. Hjelt hann því fram að eina ráðið til þess að fá menn til að hætta að neyta eyturefna væri að reyna að bæta kjör fjöldans. Til máls tókur Helgi Guðmundsson, sagði hann að hann hefði haft gaman af að ræða þetta mál við framsögumann, en hvað hinsvegar ekki tíma til þess hjer. Síðan tóku til máls auk framsögumanns og Helga Páll Þorgrímsson Eysteinn Bjarnas. og Friðvin Þorsteinsson.

7. Páll Þorgríms. bauð hina nyju fjelaga velkomna

8. Viðvera bók: Mættir á fundi 23 fjel.
Flíra ekki tekið fyrir á fundinum

9. Fundarstjóri skipaði starfsmenn til næsta fundar

Fundarstjóra: Ola Bang
Málframenn: Valgorð Blöndal
Eysteinn Bjarnason
Upplestrarm. Friðvin Þorsteinsson
Friðrik Júlíusson
Ritnefnd Frú Erla Bang
Áki Jakobsson
Jón Agnars.
Skemtinefnd Eyþór Stefánsson
Jón Agnars
Sig. P. Jónsson

Fundi slitið kl 7.

Samþykkt
Jens P. Eiríksson

Guðjón Sigurðsson
(ritari)

9. fundur.

Sunnudaginn 4 des. 1932. var fundur haldinn í U. M. F. Tindastól. á venjulegum fundarstað.

Formaður félagsins setti fundinn og nefndi til ritara Svafar Steindórsson, og dyravörð Óskar Magnússon.

Gjörðir fundarins voru þessar:

1. Lesinn upp fundargjörð síðasta fundar, og samþ.
2. Formaður skýrði frá, að eingin hefði verið ritað í „Árgeislann" en væri hún svo stutt að eigi hefði hann getað látið blaðið koma út, en greinin væri töluverð ádeilugrein á stjórn félagsins og nefndir.
Eftir þessa skýringu formans töluðu nokkrir félagar. og skoruðu á formann að koma með greinina og lesa hana upp. Og varð formaður við áskoruninni.
3. Formaður mintist á að nú væri endurvarps ~~straum~~ hljóð magnari kominn í húsið. og væri því nauðsynlegt að sérstakir menn væru kosnir til þess að hafa umsjón með tækinu, þegar það væri notað. Stungið var upp á 3. mönnum. Óla Bang, Þórði Sighvats og Svafari Guðmundssyni, og var samþykt að þessir menn, skyldu gæta tækisins. Og semja reglugjörð fyrir notkun áhaldanna.
4. Eigisteinn Bjarnason, bar það undir fundinn hvort hann væri því ekki samþykkur, að skrautið, sem nú væri í húsinu, væri lánað til verkalýðsfélags Sauðárkróks á afmæli þess 10. des. Til máls tóku Jens P. Eiríksen Óskar Stefánsson og Eyþór Stefánsson. Tilaga kom fyrir fundinn á þessa leið. Fundurinn, samþykkir að stjórninni sé heimilt í sameiningu við húsláns mann að leija skrautið, gegn 3. króna gjalds minst og var Tilagan samþykt.
5. Eiggisteinn Bjarnason, skýrði frá áliti bindindis-nefndarinnar, kom hann með svo

hljóðandi tillögu frá nefndinni:
Nefndin er samþykk um: 1. að bindindis-
-heit verði ekki tekið inn í lög. S.U.F.S. 2. að
ekkert sé því til fyrirstöðu að innan
félagsins starfi sérstakir bindindis flokkar.
Báðar tillögurnar voru samþyktar:
6. Guðjón Sigurðsson, skýrði frá því í
nafni íþróttanefndarinnar, að nú væri
búið að fá leikfimmis kennara, gegn 15.0 kr
gjaldi, yfir allan tímann. Einig skýrði
hann frá því, að gjald fyrir hvern nemanda
væri 50 aurar á viku, og að nefndin hefði
komið sér saman um að hafa 35. aura gjald
á viku fyrir glímur. Valgarð Blöndal skýrði
frá því, að hann myndi ekki eftir að nokkurn
tímann hefði verið tekið gjald fyrir glímur, og
væri þessvegna ekki rétt að gera það heldur nú
Og þegar fleiri tóku í sama streingínn
var ákveðið að ekkert gjald yrði tekið
fyrir glímur. Til máls tóku þessu viðvíkjandi

Áki Jakobsson, Eysteinn Bjarnason
Friðvin Þorsteinsson og Svafar Guðmundsson
Síðan var málið tekið útaf dagskrá.
7. Valgarð Blöndal, talaði um þegnskylduvinnu
fór hann um hana nokkrum vel völdum
orðum. Einig tóku til máls Áki Jakobsson
og Eysteinn Bjarnason, og létu þeir álit
sitt í ljósi. Þar sem fundurinn var
orðinn fremur fámennur og fundartími
útrunninn, var málinu frestað
til fjölmennari fundar.
8. Mættir á fundi 18. félagar.
9. Fundarstjóri skipaði starfsmenn til næsta
fundar.

Áki Jakobsson fundarstjóri.
Málshefjendur: Eysteinn Bjarnason
Guðjón Sigurðsson
Andmælendur: Friðvin Þorsteinsson
Friðrik Júlíusson.
Ritnefnd: Frú Erla Bang.

Áki Jakobsson
Jón Agnarsson
Skemtinefnd: Eyþór Stefánsson
Jón Agnarsson
Sig. P. Jónsson.

18. Fundi slitið kl. 7/4.

(Samþ.)
Jens P. Eriksen Svafar Steindórsson
(fundarstjóri) (ritari)

Sunnudaginn 15. janúar 1933 var fundur haldinn í U. M. F. Tindastóll á venjulegum fundarstað.

Formaður setti fundinn og skipaði til ritara Valgeir Blöndal og Friðrik Júlíusson og dyravörð Halfdán Sveinsson.

1. Fundargerð síðasta fundar lesin upp og samþykt.
2. Lesin upp ræðubók málfundar 15.
3. Stjórnarmál. Formaður las upp bref það er stjórn U.M.F.T. ritaði sambandsstjórn U.M.F.Í. útaf bréfi frá henni s.l. ár. Einnig las hann upp bref frá sambandsframkvæmdarstjóra sínum þeim er honum höfðu borist út af nefndu bréfi og bref frá sama manni til U.M.F.T. sjerstaklega, sem

svar við brjefi frá Sr. stjórn
Tindastóls sendi honum út af
áðurnefndu brjefi.

4. Formaður fjáröflunarnefndar Indriði
Þorsteinsson las upp reikning yfir
tekjur og gjöld af sjónleiknum
„Á útleið“ sem sýndur hefði verið
um hátíðirnar. Voru tölur
reikningsins í stórum dráttum
þessar. Brutto tekjur Kr. 199,75
Kostnaður Kr. 189,33 mismunur (er rennur í fjelagssjóð)
afhentur gjaldkera Kr. 10,42

II. Af danssamkomu sem haldin
var 7/1-33 hreinar tekjur Kr. 6,00,
er einnig voru afhentar gjaldkera,
rennur fjelagssjóði.

Um reikningsskilagrein þessa, urðu
miklar og óvenjulegar umræður.
Deildi stjórn fjelagsins, eða formaður
fyrir hennar hönd á fjáröflunarnefnd

fyrir það sjerstaklega að ofhátt
hefði verið greitt fyrir afskrift
af sjónleiknum þó 2 eintök væru.
Þó þegar væri skrifað í [illegible]
væru bæði eintökin tekin í einu
og því verðið sama. Benti hann
þessu til sönnunar á það að s.l.
vetur hefði einu fjelagi handskrifað
eitt eintak af leiknum „Húrra
krakki“ og tekið fyrir það
Kr. 10,00. Næstur talaði Valgarð
Blöndal sá er afskrifað hafði
sjónleikinn. Skýrði hann frá því
~~að~~ hvernig það hefði komið til
að hann afskrifaði leikritið og
var upphaflega samið um fast
verð. Lýsti hann því jafnframt
yfir að hann mundi ekki standa
í vegi fyrir formanni eða öðrum
með afskrift af leikritum framvegis

þá talaði Friðrik Þórólfsson og
þótti undarlegt að það væri
að ræða einstöku kostnaðarliði. Sagði
að það mundi stafa af því hve
litlar tekjur hefðu orðið af leiknum
og taldi víst að ef hann hefði
afhent Kr. 110,00 í Fjelagssjóð, mundi
ekki hafa orðið jafn mikið um
þetta talað. Páll Þorgrímsson tók
næstur til máls og sagðist alls
fyrir sitt leyti að hann væri nú
hræddur um að Valgeir hefði
getað látið afskiftin heldur
óleiðari. Eysteinn Bjarnason tók
þá til máls og áleit það að leikin
væri upp á venja að ræða
einstöku kostnaðarliði og skilagrein
Fjársöfnunarnefndar. Þá tók formaður
til máls og var mjög á annari
skoðun en E.B. um þetta atriði

sagði hann að stjórnin og hver sem
væri hefði fullan rjett til að
gagnrýna reikninga frá Fjársöfnunar-
nefnd ef þeim fyndist eitthvað
athugavert við þá. Urðu enn
allharðar og nokkrar umræður en
var málið síðan tekið út af
dagskrá.

5. Árgeislinn lesinn upp. Efni.
Jólanóttin hans Sveinn Tuttberg (þýtt)
og Viljastyrkur.

6. Lagaendurskoðendur kosnir
Valgarð Blöndal og ~~Friðrik Þó~~
Sigurður B. Jónsson.

7. Tilkynning kom frá skemtinefnd
um að skemtun byrjaði kl. 8 með
dans. Kl. 9 yrði kveðið og dullað
af hinum heimsfræga dullara
Lárusi Flengrosi. Kom fyrirspurn
frá Svavari Guðmundssyni um

musik í skemtunum uðu miklar umræður. Tóku til máls Jón Sigurðsson Valgerð Blöndal. Páll Sigurðsson, Eyjólfur Bjarnason og Jens P. Eiríksson. Að gefnu tilefni bar formaður fram svohljóðandi tillögu
„ Fundurinn heimilar musiknefndinni
„ að taka fjelagið sjer til aðstoðar
„ hvenær sem hún álýtur þess
„ þörf.
Tillagan samþykt með öllum greiddum atkvæðum.

8. Málfræmenn. voru beðnir mætta með málefni, en þar eð annar þeirra Eyjólfur Bjarnason áleyt að tími mundi ekki vinnast til að ræða sitt málefni á þessum fundi þar eð tími væri orðinn nauma hóf hinn málefnamaðurinn Guðjón Sigurðsson framsögn

á málefni sínu er hann nefndi: Bindindistíð. Taldi hann stórglæpi orsök um þetta mál. Sagði frá hans bæjarbyrum er heit þetta alt hefði, og hvaðst hann geta nefnd 8 menn sem brytu þetta, og taldi sjálfsagt að margir fleiri mundu gera það. Vildi hann annað af tvennu. Að stjórnin gjöri falið að slíta skjótt U.M.F.Í. og sker í hana að afnem þetta úr lögum U.M.F.Í, eða að þessu atvæði væri fast fylgt fram. Taldi hann að það væri mjög auðvelt milli auðveldara en að halda t.d. 2. grein.
Urðu miklar og skemtilegar umræður um mál þetta. Tóku til máls fyrir utan framsögumann Eyjólfur Bjarnason, Valgerð Blöndal

Friðrik Þorsteinsson og Pjetur Johnsen töluðu flestir sig þanda samdvæmt fundarsköpum
Að lokum kom fram svohljóðandi tillaga frá Valgerði Blöndal
„ Fundurinn samþykkir að fresta
„ þessu máli til næsta fundar,
„ sem er aðalfundur.
Var tillagan samþykkt.

9. Skipaðir starfsmenn til næsta fundar.

Fundarstjóri – Formaður J. P. Eirikss
Málshefjendur – Eysteinn Bjarnason
– Jón Agnars
Upplestrarmenn – Friðrik Þorsteinsson
– Friðrik Júlíusson

Fleira ekki fyrirtekið. Fundi slitið

Samþykt
F.h. fj. Þorsteinsson

Valgerð Blöndal
(ritari)

Friðrik Júlíusson
ritari

11. fundur.

Sunnudaginn 29. jan. 1933 kl. 4½ e.m. var fundur haldinn í U.M.F. Tindastól á venjulegum fundarstað.
Var fyrst talað um hvort þetta skyldi teljast aðalfundur eða ekki, eftir litlar umræður var ákveðið að þetta skyldi ekki vera aðalfundur.
Friðrik Þorsteinsson setti fundinn af stjórn hönnum, nefndi hann til ritara ~~af~~ Jón Agnars. af dyravörð
Þetta kom fyrir á fundi:
1. Sungið Vormenn Íslands
2. Lesin fundargjörð síðasta fundar.
Í sambandi við hana, tók gjaldkeri til máls, og kvað tekjurnar af leiknum „Á útleið" hafa orðið minni en sagt er í síðustu fundargerð sökum þess að ógreiddar voru einhverjar nótur, ljósagjald og

fleira urðu þeir hvernar tilgjör að eins: kr.
Guðjón Sigurðsson tók einnig til máls viðvíkjandi tillögu sem komið er í síðustu fundargerð, um þinnar-heitið, hvað hann, hana ekki hafa verið samþykkta, um þetta urðu dálitlar umræður. Síðan var fundar-gerðin samþykkt.

3. Stjórnarmál: Óskar Stefánsson skýrði frá þeim upplýsingum sem stjórnin hefði aflað sér, gagnvart brunatryggingu á eignum félagsins, hvað hann ekki ennþá komna neina fasta niðurstöðu í því máli. Eftir mjög litlar umræður var stjórninni falið að vinna að þessari framkvæmd málsins.

4. Félagsmál: Sig. P. Jónsson gat þess að sér hefði borist bréf frá Jóni í Glaumbæ, í hverju hann bygðist til að halda fyrirlestur í félaginu innan skamms. Til máls tóku Valgard Blöndal, Eggert Bjarnason, Guðjón Sigurðsson, Páll Gunnar Jón Ingvars. og síðast en ekki síst Friðrik Júlíusson og mæltist honum fórdamma vel. Tillaga: „Fundurinn samþykkir að fela stjórninni í samráði við Sigurð P. Jónsson allar framkvæmdir í málinu.“ Var það síðan tekið út af dagskrá.

5. Fyrirspurn, frá Sig. P. Jónssyni, hvort utan-félagsmönnum væri ekki leyfilegt að flytja málefni á fundinum, hvað fyrir. kæmi. Arni Eiríksson hefir farið þess á leit við sig að fá því til leiðar komið að hann fengi að flytja málefni. Tók fundurinn þessu vel, en samt sem áður urðu menn ásáttir um að afgreiða fyrst félagsmál, og var þessu því frestað þar til síðar á fundinum.

6. <u>Íþróttamál</u>: Hóf Guðjón Sigurðsson máls og talaði um hina síversnandi kreppu meðal unglinga hér í bænum sem lýsti sér sérstaklega í því að þeir væru nú hættir að geta greitt þátttökugjöld sín í boltaspilinu. Hvað hann íþróttanefndinni hafa komið það ráð í hug að láta sýna boltaspil um sýslufund og ná þannig upp heimsóknarkostnaðinum en láta aftur á móti þátttakendur vera endurgjaldslaust í boltaspili. Hann gat þess einnig að félagið gæti í sambandi við það haft happdrætti, þar sem verðlaunapeningar félagsins væru veittir sem verðlaun. Eftir litlar umræður var samþykkt svohljóðandi tillaga:

„Fundurinn samþykkir að fela íþróttanefnd og væntanlegri fjáröflunarnefnd í samráði við stjórnina, alla framkvæmd málsins“.

7. <u>Ræktunarmál</u>: Friðvin Þorsteinsson kvaddi sér hljóðs, og gat um það að til sín hefði komið form. u.m.f. í Seyluhrepp, og óskað eftir að U.M.F. „Tindastóll“ tæki þátt í því að koma upp trjáreit í Reykjarhólnum. Um þetta urðu nokkrar umræður, og var að heyra á fundarmönnum að þeim þætti félaginu bera brýnni skylda að hugsa um sína eigin gróðrarstöð. Svohljóðandi tillaga Eysteini Bjarnasyni var borin upp og samþykkt:

„Þar eð fundurinn álítur félaginu skylt að hugsa sem best um trjáreit þess, og að þetta heyri til starfssviði S.U.M.S. og í trausti þess að stjórn S.U.M.S. taki mál þetta fyrir hið fyrsta. Telur fundurinn mál þetta út af dagskrá.“

8. Með því að nú voru ekki fleiri félagsmál á dagskrá, var Árna Þorkelssyni gefið orðið. Talaði hann um: „<u>Blaðaárásir á hæstarétt</u>.“

Sökum þess að málið að sumra áliti var þýðingarlítið, var það tekið út af dagskrá, eftir sem sagt engar umræður.

9. <u>Málefnamenn:</u> þeir sem kjörnir voru málefnamenn höfðu engin mál að flytja. x Helgi Guðmundsson tók til máls og ávítti harðlega hið slæglega eftirlit sem hafi verið með heilbrigðismálum þorpsins, og öllum þrifnaði. Til máls tóku: Páll Þorgrímsson, Jósefína Marjasdóttir, Valgard Blöndal, Sig. P. Jónsson og Jón Agnars. og tóku allir í sama streng og Helgi. Síðan var samþykt tillaga þess efnis „að fela stjórninni og framsögumanni málsins að skrifa hreppsnefnd Sauðárkróks bréf f. h. U. M. F. „Tindastóll", og lýsa vanþóknun sinni á því hvernig komið væri heilbrigðismálum og þrifnaði í bænum x“ ...

10. <u>Starfsmenn til næsta fundar</u>

Fundarst.: — sami og áður
Málefnam.: — sömu og áður.
Upplestrarm.: — Friðrik Júlíusson
Sig. P. Jónsson
Skemtinefnd: — Guðjón Sigurðsson
Hervin Guðmundss.
Jósefína Marjasdóttir.

Fleira ekki tekið fyrir á fundi.
Fundi slitið kl. 7.

Jens P. Eriksen
(Samþ.)

Jón Agnars
(ritari)

Óskar Stefánsson

Óskar Stefánsson

Guðjón Sigurðsson

Páll Þorgrímsson

## 12. fundur

Sunnudaginn 12. febr 1933 var haldinn aðalfundur í U.M.F. „Tindastóll“ Formaður Jens P. Eiriksen stjórnaði fundinum og nefndi til ritara stjórnarritara Óskar B. Stefánsson og dyravörð Óskar Magnússon.

Gjörðir fundarinns voru þessar:

1. Lesin fundargjörð síðasta fundar og samþykt
2. Lesið bréf til Hreppsnefndar Sauðárkrókshrepps frá U.M.F.T. um heilbrygðismál.
3. Lesinn Árgeislinn.
4. Stjórnar mál: Skjal frá störfum stjórnarinnar í vátryggingar málinu. Vátrygt hjá vátryggingarfjelaginu Norge að upphæð Kr. 2450,00, umboðsmaður Pjetur Sighvats.

a: Formaður las upp starfsskýrslu fyrir liðna árið, og lista yfir ýmsa muni er fjelagið á í krónu upphæð 139,00

Þar næst kom tillaga frá formanni um að fresta fundi, þar sem óverandi væri í húsinu fyrir kulda og kolsýrulofti tillagan samþykt. Fundi slitið.

Miðvikudagskvöld 15. febr var aðalfundi haldið áfram.

1. Inngöngu óskaði í fjelagið Sigvaldi Jónsson og var það samþykt.
2. Lesnir reikningar fjelagsins:

a: Ergelsjóður eignir Kr. 182,16
b: Húsbyggingarsjóður " 178,13
c: Röntgenssjóður " 340,15

Þá las gjaldkeri aðalreikning fjelagsins, athugasemdir frá reikningsendurskoðendum voru þessar:

1) Til tekna eru ekki færðir vextir af innistæðu í sparisjóði Sauðárkróks Kr. 0,25
2) úti standandi skuldir taldar kr. 76,00 í stað kr. 88,00 samkvæmt meðfylgjandi lista. Reikningarnir samþyktir með þessum athugasemdum.

3. Lesinn upp listi yfir fjelaga er stjórnin lagði til að yrðu strikaðir út sökum skuldar, um lista þennan urðu þónokkrar umræður

þar til tillaga kom frá Helga Guðmunds. svo hljóðandi: Fundurinn samþykkir að fela stjórninni að tala við þessa fjelaga einu sinni og reina að ná inn hjá þeim einhverju af þessum skuldum og veri stjórninni heimilt að gefa eftir skuldirnar að öllu að þessu árí ef hver einstakur ~~meðlimur~~ vildi vera fjelagi áfram, en þá greiddi hann árstillagið fyrir yfir standandi ár, annars yrðu þeir strikaðir út. og var tillagan samþykt.

4. Lesinn fjárhaldar reikningur fjelagsins eignir kr. 5415,00 reikningurinn samþyktur.

5. Reglugerðir: þar sem Reglugerð Árgeislans var ekki yfir farin af lagaendurskoðendum, kom svo hljóðandi tillaga frá endurskoðanda Valgarð Blöndal: Fundurinn samþykkir að Reglugerð Árgeislans verði endurskoðuð og borin upp á næsta fundi til samþyktar. tillagan samþykt.

a) Reglugerð um heiðursfjelaga samþykt óbreitt
b) —"—"— Verðlaunapeninga —"—"—
c) —"—"— Húsbyggingarsjóðs —"—"—

6. Úrsögn úr U.M.F.Í. framsögumaður Jón Ignarss. í byrjun ræðu sinnar lagði hann fyrir fundinn svo hljóðandi tillögu: Fundurinn samþykkir að U.M.F. Tindastóll segi sig úr Sambandi U.M.F.Í. af þeim ástæðum er hér skal greina.

a) Fjelagið telur sig ekki hafa hag af, að vera meðlimur, sambands U.M.F.Í, samsvarandi þeim kostnaði sem þar af leiðir.

b.) Fjelagið telur að samband U.M.F.Í. hafi ekki nægilega tekið beiðnir sínar til greina

c) Fjelagið telur sig ekki geta fylgt sambands-skuldbindingu U.M.F.Í. ásamt fleyru í lögum sambandsins, og þar af leiðandi ekki geta talist óbrotlegur meðlimur þess. ~~Eftir~~

Eftir töluverðar umræður lagði Valgarð Blöndal
rökstudda dagskrá fyrir fundinn er hljóðar
svo: Þar eð fundurinn telur samvinnu
allra ungmennafjelaga á Íslandi
nauðsynlega, til þess að hrinda hugsjónum
þeirra áfram til sigurs, og í því trausti
að sú samvinna eflist og aukist
tekur fundurinn fyrir næsta mál á
dagskrá, og var það samþykt.

7. Lesin upp lög fjelagsins: 1 gr 2 gr 3 gr samþyktar
óbreyttar. 4 gr breytingartillaga frá Eysteini
Bjarnasyni að á eftir orðunum glímur
leikfimi komi — og önnur þau skemti-
atriði er skemtinefnd hefur upp á
að bjóða, og við auka tillaga frá Jóni Agnars.
Fjelagið beitir sér einnig fyrir fjölbreyttri
íþróttastarfsemi á fjelagssvæðinu og
eftir getu að efla alt það er að andlegri
og líkamlegri atgerfi lýtur; greinin
samþykt með áorðnum breytingum.

Þarnæst 5 gr 6 gr 7 gr samþyktar óbreyttar.
8. gr á eftir ~~ott~~ orðunum janúarmánuði ár
hvert, komi, og skal hann því aðeins
lögmætur að mættir sjeu 2/5 fjelagsmanna,
þeirra er staddir eru á fjelagssvæðinu, þar
skulu lagðir fram reikningar o. s. fr. v.
greinin samþykt með þessari breytingu.

a) Tillaga frá Jóni Agnars um nýja grein í
lögin er gæti orðið 6. gr. og er svohljóðandi:
Stranglega skal þess gætt, að umræður á
fundum fjelagsins snúist í engu um á
stjórnmálasvið, og skal stjórn fjelagsins
hafa ákvörðunarvald um það, hvaða
málefni geti talist pólitísk og hver ekki.
Tillagan samþykt. Engar breytingar við hinar greinar laganna
Þar næst voru lögin samþykt með áorðnum
breytingum.

8. Þá fór fram stjórnarkosning, eins og að undanförnu
átti formaður að ganga úr, og hlaut kosningu
Guðjón Sigurðsson með 9. atkv.

9. kosin varastjórn: Og hlutu kosningu Valgard Blöndal Sigurður P. Jónsson og Valdimar Guðmunds. og skifti þeir með sér störfum.

10. kosinn ritstjóri Árgeislans Jón Agnars.

11. kosnir reikningsendurskoðendur Eysteinn Bjarna Friðvin Þorsteinsson

12. Skilagrein frá Endurvarpshljóðmagnaranefnd félagsins tekjur Kr. 119,00 mismunur Kr. 279,00 lesin upp reglugerð fyrir Endurvarpshljóðmagnara félagsins, og var hún samþykt.
Nefndin endurkosin. Ole Bang, Svavar Guðm.s. Þórður Sighvats.

13. Kosið í Móðurmálsvörð: kosningu hlutu, Eysteinn Bjarnas. Fr. Júl. Guðjón Sig. Fr. Þorstein. Óskar Stefáns.

14. Kosin fjáröflunar nefnd: Kosningu hlutu Eyst. Bjarnas, Valgard Blöndal, Jens Eiríksen. Sökum ósamlindis á fundinum ~~kom~~ út af ~~fram~~ kosningu þessari kom fram svo hljóðandi tillaga:

Fundurinn samþykkir að kosningu fjáröflunarnefndar sé gerð ógild, og frestað kosningu til næsta fundar. tillagan samþykt.

15. Eyþór Stefánsson flutti beyðni frá lúðrasveit S. króks. um hvort fjelagið vildi eins og að undanförnu lofa lúðrasveitinni að hafa dansskemtanir hér í húsinu 3. síðustu kvöld sýslufundarvikunnar. Málinu vísað til Endurvarpsnefndar.

16. kosinn umsjónar maður með leiksviðinu Óskar Stefánsson.

17. Eyþór Stefánsson flutti byggingar máli um að stækka Bifröst, byggja við húsið leiksvið, úr steinsteypu, með gjafadagsverkum og yrði helst byrjað nú þegar, tillaga kom frá honum um nefndar kosningu og voru ~~þeir~~ kosnir þessir: Valgard Blöndal, Pjetur Hannesson, Eysteinn Bjarnason Ágúst Hreggviðsson og Friðvin Þorsteinsson

18. Skipaðir starfsmenn til næsta fundar.
Fundarstjóri: Páll Þorgrímsson
Málefnamenn: Eysteinn Bjarnason
Jón Agnars.
Upplestrarmenn: Sigurður P. Jónsson
Friðrik Júlíusson
Ritnefnd: Guðjón Sigurðsson
Eyþór Stefánsson
Sveinsína Bergsdóttir
Sungið: "Vormenn Íslands".
Fundi slitið. Mættir á fundi 25 félagar
Óskar B. Stefánsson
(ritari)

Páll Þorgrímsson
samþikktur

13. Fundur

Sunnudaginn 26. Febrúar 1933.
var fundur settur og haldinn í U. M. F. Tindastóll
~~formað fundarstjóri var Friðrik J.~~ formaður
Páll Þorgrímsson stjórnaði fundi og skipaði
sem ritarara Friðrik Júlíusson og Dyravörð
Olaf Gíslason.
Gjörðir fundarsins voru þessar.
1. Sungið. Ég vil elska mitt land.
2. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og
samþikt.
Þess skal getið að Jón Jónsson frá Glaumbæ
sem var mættur á fundi í fyrirlesari frá
S. U. F. S. hélt hann fyrirlestur að fundi
loknum, voru fjelagar mjög ánægðir með
hann og þökkuðu honum komuna.
3. Lesin upp viðvörubók mættir á fundi 15.
4. Stjórnmál. ~~Enginn~~
4. Lesin upp Árgæslin af Ritstjóra
Jóni Agnarsyni, var aðeins 1 úr ritnef
Árgæslans sem hafði starfað utan Ritstjóra.

6. Stjörnmál. Formaður gat þess að Stjörnu hefði sótt um styrk til Íþrótta, enn svar ekki komið.

7. Valgarð Blöndal gat þess húsbyggingarnefnd hefði ekki komið saman enn vegna burtveru eins úr nefndinni. Ágústi Hreggviðssyni.

7. Málefnanefnd. Jón Agnarsson gerði fyrirspurn til Sundlaugarnefndar hvort hún hefði ekki starfað.
Til mál tók Valgarð Blöndal.
Valgarð Blöndal lagði fyrir fundinn hvort U.M.F. Tindastóll vildi ekki styrkja og Slisavarnarfjelag Íslands var þessu máli góður rómur gefin og fanst öllum það skylda ~~sín~~ að styrkja jafn gott og göfugt málefni voru um þettað nokkrar umræður. Til máls tóku Helgi Guðmundsson 2svar Svafar Guðmundsson 2svar. Guðjón Sigurðsson 1sinni Friðrik Júlíusson 2svar. Eysteinn Bjarnason 1sinni Páll Þorgrímsson 1sinni.

Kom það í ljós við umræður að Slysavarnarfj. Ísland væri að láta byggja Björgunarskútu fyrir Faxaflóa og mundi styrkur sá sem U.M.F.T. gæti af mörkum ef einhver væri verða veitt þegar til hennar. Tillaga kom frá Helga Guðmundssyni um að koma á skemtun fyrir þettað málefni. Í nefndina voru kosnir: Valgarð Blöndal – Helgi Guðmundsson – Fr. Júlíusson
Sigurður P. Jónsson – Svafar Guðmundsson.

8. Þá fór fram kosning Fjáröflunarnefndar sem frestað var frá síðasta fundi: urðu um kosninguna hennar miklar umræður og harðar voru reyndar margar leiðir til nefndarkosningar enn ekkert dugði, tel jeg ekki ástæðu til að fjölyrða um umræður sem af þessu leiddu, enn að lokum bauðs Valgarð Blöndal til að taka að sjer formannsstöðu nefndarinnar og skipa með sjer 2 menn í hana var það samþykt og hlutu sæti í nefndinni: Valgarð Blöndal – Páll Þorgrímsson – Guðjón Sigurðsson.

Skemtinefnd tilkynti skemtun kl. 8½ (dans)
Stjórnin hafði skipt með sjer störfum þannig
Ritnefnd: Eysteinn Bjarnason - Valgard Blöndal
Friðrin Þorsteinsson
Varastjórn: Valgard Blöndal formaður.
Sigurður P. Jónsson. gjaldkeri.
Valdimar Guðmundsson Ritari.
Skipaðir starfsmenn til næsta fundar.
Fundarstjóri: Valdimar Guðmundsson
Málefnanefnd: Helgi Guðmundsson - Friðrin Þorsteinsson
Upplestrarnefnd: Sigurður P. Jónsson.
Friðrik Júlíusson.
Ritnefnd: Eysteinn Bjarnason -
-"- Valgard Blöndal
-"- Friðrin Þorsteinsson.
Sungið: Hvað er svo glatt:
Fundi slitið
Friðrik Júlíusson -
(ritari)
Sampikkur

Sunnudaginn 26 Mars 1933, var fundur haldinn í U.M.F. Tindastóll.
Formaður fjelagsins Páll Þorgrímsson, setti fundinn og stjórnaði honum, og fyrir ritara Friðr. G. Þorsteinsson dyra vörð Sigvalda Jónsson.
Þetta gjörðist á fundinum.
1. Lesin fundargjörð frá síðasta fundi Samþykt.
2. Inntökubeiðni kom frá Sigurgeir Jónssyni og Björnfríði Jóhannesdóttir. Samþykt
3. Formaður las brjef frá Skógræktarfjelagi Íslands þar sem skorar var á Tindastóll at ganga í áður nefnd fjelag, vísaði svo málinu fyrir fundinn, en um það urðu litlar umræður. Svo hljóðandi tillaga kom fram.
- Fundurinn samþykkir at ganga ekki í Skógræktarfjelag Íslands - þar sem líkur eru til, at stofnað verði eitt

slíkt fjelag fyrir í sýslu nú á næstunni og mjög sennilegt at þat fjelag gangi í Skógræktar fjelag Íslands. –
Till lagan samþykt.
Þá var lesit upp skeiti frá U.M.F.Í. þar sem tilkynt var at sendimaður frá því væri á leitinni, og óskaði eftir fundi þann 28. þ. l. s. m.

7. Kosnir fulltrúar til at mæta á sambands fundi U.M.F.Í. sem verður haldin Föstudag og Laugardag í Sýslufundar vikunni: þessir hlutu kosningu:
Páll Þorgrímsson Óskar Steffánsson Guðjón Sigurðss
Svavar Guðmundsson Friðrik Júlíusson.
Til vara: Valgarð Blöndal Eysteinn Bjarnason
Friðr. G. Þorsteinsson:

5. Úrsögn kom frá Svavari Steindórs.

# Aukafundur

Þann 29 mars 1933 var haldinn aukafundur í U.M.F.T. vegna komu Páls Jónssonar sendimanns sambands U.M.F.Í.
Form. Páll Þorgrímsson setti fundinn kl. 9,50 e.h. og hvatti til að ritara fjarverandi sat[?] Gjel, því næst bauð hann Pál Jónsson velkominn og gaf þess að sendim. hefði mjög stranga áætlun og hefði af þeirri ástæðu orðið að að hverfa saman fund á svo óheppilegum tíma, því næst gaf form. Páli Jónssyni orðið.
Þá hóf sendim. ræðu sína og benti hann þá í fáum dráttum á hin verandi hugsjónarmerki í U.M. félagsskapnum og vildi hann þá að ~~aðallega~~ [málefnalitli] kæmu um búnlegum skaðhöttum og hvað þessa hugsjónir þó aðallega koma frá fólkinu sjálfu en ekki vegna vankunnar verkefna

en lýsti því jafnframt yfir að Tindastóll
mundi vera með áhugamestu fjel. innan
sambandsins. Síðan kom ræðum. að
aðalefni í erindi sínu sem fjallaði
eingöngu um bann og bindindi; og
benti allrækilega á hin skaðlegu
áhrif áfengis og hvað það sjálfsagt
að öll U.M.F. hefðu bindindisheit
efst á stefnuskrá sinni, því sjer
fyndist það mál málanna og einnig
að stuðla sem allra mest að
því að viðhalda bannlögunum.
Að loknu erindi Pálssonar var orðið
gefið laust og liðu nokkrar mínútur
þangað til Eysteinn Bjarnason hóf ræðu sína
hægt og rólega og kvaðst hann vera
á móti bindindisheitinu eins og hann hefði
verið, en sagðist því miður verða að fara
af fundi vegna anna. Þá bað Valgarð
Blöndal um orðið og var honum veitt

það skilyrðislaust. Eftir nokkra umhugsun
dundi yfir hin snjallasta ræða, sem
allir hlustuðu á með eftirtekt og án þess
að anda eða ræskja sjer. Ræðum. lýsti
ánægju sinni yfir að nú virtist sambandið
loksins vera að rumska af svefni
athafna- og kæruleysis gagnvart fjelögunum,
en hvað það hins vegar mjög leiðinlegt
og ófullnægjandi af sendimanni að geta
ekki skýrt neitt frá störfum sambandsins
eða hvað það hefði í hyggju í framtíðinni.
Einnig gerði Valgarð Blöndal nokkrar fyrir-
spurnir til sendimanns.
Næstur tók til máls Guðjón Sigurðsson
eftir að hafa þurkað vandlega svitann af
enni sjer sem kom af væntanlegri áreynslu
við að koma skoðun sinni í ljós.
Benti hann síðan á nokkra ~~galla~~
ófyrirsjáanlega ókosti áfengisbannsins
og sagðist engva trú hafa á því

að drykkjuskapi verði útrýmt með banni
eða öðrum þvingunarlögum, en hins vegar
væri alveg sjálfsagt að reyna að vinna að útrýmingu
áfengisnokkunar á öðrum grundvelli.

Jens P. Eiriksen talaði nokkur orð
og Einar sem áður hafði talað
Út því kl. var orðin 11 f.h. fóru fundarmenn
að gerast svangir og lindir bundu úr bælunum
smátt og smátt sem hafði þá eðlilegar
afleiðingar í för með sér að fundi var
slitið kl. 11 $\frac{min}{10}$ og ekkert sungið

Guðjón Sigurðsson
Secretari

Sunnudaginn 29 október 1933,
var fundur haldinn í U.M.F. Tindastóll
Formaður félagsins Páll Þorgrímsson setti
fundinn og stjórnaði honum. Nefndi
hann til ritara Klára Sigurðsson og dyravörð
Ólaf Gíslason

Gjörðir fundarins voru þessar

1. Lesin upp síðastafundargjörð og samþykkt
2. Formaður félagsins kvað efnahag félagsins
mjög bágborinn svo sjaldan hefði einn
verið og bað alla félagsmenn að
taka höndum saman og finna leið
úr þessari fjárþröng
3. Eysteinn Bjarnason skýrði frá því
að ógreidd húsaleiga sem inni stæði
hjá Tindastól þyrfti tafarlaust að
greiðast sem sem allra fyrst hvað hann
Bifröst ekki geta staðið í skilum með
vexti og afborganir sökum þess hve mikið stæði
ógreitt af húsaleigu hjá Tindastól

Valgarð Blöndal meðlimur fjáröflunarnefn-
hvorðsi ekki líta svo mjög svörtum augum
á öll þessi peningavandræði, hvað hann
líklegt að innan skamms mundi vera
hægt að afla félaginu tekna er næmi alt á
300 kr og hvað hann það með hlutaveltu
sem félagið væri kunnt að fá leyfi til að halda
og skoraði hann alla til þess starfa
Einnig lagði hann fram reikning
fyrir yfir útkomu leiksýninga félagsins
sem hreinn ágóði varð af ~~61.89~~
50.90 einnig lagði hann fram
og afhenti ágóðafé frá leikför
flokksins til ~~fo~~ Blönduóss sem
hann mæltist til að gengi í
Bankelssjóð og var það samþykkt
og leikflokknum þakkað fyrir
vel unnið starf
7. Inntöku beiðni kom frá Garðari
Sigurðsyni samþykkt

8 Þá næst var afmælisfagnaðarmál
tekið fyrir, ~~sem~~ um það töluðu
Garðar Sigurðsson, Þórður Þ.
Valgarð Blöndal og Eyþór Stefán
samþykkt var (a) að hafa frjálsar
veitingar að (b) gjald fyrir hvern
fari ekki yfir 1.00 krónu
(c) að skuldugir félagsmenn
fengju ekki aðgang að afmælinu
Að því búnu var kosin nefnd
til að annast starfann, og hlutu
þessir kosningar
Jón Ögmars
Ole Bang
Bjarnfríður Jóhannesdóttir
Jósefína Magnúsdóttir
Kári Sigurðsson
9. Íþróttamál ~~um það undir~~
lesið bréf frá Í.S.Í. um það
urðu litlar umræður og málið

sekið út af dags skrá
10. Árgeslitum kom út með grein
er het ~~Starfs~~ „Veturinn og
starfstíminn" félagslífið
11 Skipaðir starfsmenn til
næsta fundar
fundarstjóri
Jón Agnars
Málefnamenn Guðjón Sigurðsson
Pétur Jónsson
Upplestrarmenn Sigurgeir Jónsson
Kári Sigurðsson
Skemmtinefnd Ólafur Gíslason
Friðrik Þorsteinsson
Sveinbjörna Bergsdóttir
~~fleira gjörðist ekki á fundinum~~
~~fundi slitið~~
Ritnefnd
Eysteinn Bjarnason ~~Kári S.~~
Friðrik Þorsteinsson (~~ritari~~)
Sveinsína Bergsdóttir

fleira gjörðist ekki á fundinum
fundi slitið

„“ Kári Sigurðsson
(fundarritari)

Samþykkt.

Sunnudaginn ~~[struck through]~~ 26. nóv. 1933 var fundur haldinn í U.M.F. Tindastóll í húsi fèlagsins Bifröst kl. 4 e.h. Fundarstjóri Jón Agnarsson setti fundinn og nefndi til ritara Valdimar Guðmundsson dyravörð Sigv. Jónsson [inntökubeiðnir í fèl. komu frá Margrètu Sigurðard., Guðrúnu Eðvald. og Sigurbjörgu Guðmundsd. Samþykt]

Gjörðir fundarins voru þessar.

I. Sungið Eldgamla Ísafold.

II. Lesin fundargjörð síðasta fundar og samþ.

III. Skeggi kom ekki út.

IV. Stjórnarmál. Form. fèl. Páll Þorgrímss. las upp brèf frá sambandsstjóra U.M.F.S. Aðalsteini Sigmundssyni þar sem hann minnist á styrkbeiðni frá Tindastól og telur í bjósi að það muni auðsótt. en aftur á móti finst honum ósamræmi á skattgreiðslu frá fèlaginu saman borið við tölu fèlagsmanna í málinu töluðu Páll Þorgrímsson og Kristinn Þorsteinsson og skýrðu frá því at þetta stafaði af misskilningi hjá sambandsstjóra þar sem fengist hafi verið undanþága á þessum hlutföllum hjá fyrverandi sambandsstjóra Gunnl. Björnssyni en þó likl. með munnlegum samningi.

Sömuleiðis lesið brèf frá Í.S.Í.

V. Fèlagsm. Skýlagsein fyrir dansskemtun frá Guðjóni Sigurðssyni Kr. 12,50 form. Afmælisnefndar Jón Agnarss. lagði framm skilagrein frá nefndinni um þá skilagrein eru allskattpar umnætur eða sérstaklega um reikningum frá mússiknefnd sem var stilatur uppá allann dans tímann eða alls 8 kl. st. en afmælisnefnd vildi ekki borga nema fyrir 6 kl. st þar sem notuð

var harmonikumúsik í 2 kl. st. og greiddi sérstaklega fyrir þá músík
í þessu máli töluðu ótal margir og svo oft að varð varð tölu á komið seint og um síðir samþ.
fundurinn með 8 gegn 7 atkv. að greiða Reikning músíknefndar eins og hann lá fyrir.
Skilagrein frá Afmælisnefnd. Seldir atgöngumiðar fr. Kr. 137,00
gjöld Kr. 88,80 mism. Kr. 48,20 er gékk til gjaldkera fjelagsins.
Þá kom fram (svo hljóðandi) tillaga frá Guttormi Sigurðss.
Fundurinn samþykkir að hafa annan hvern fund lengri fund þótt níður falli fundar.
Tillagan borin upp og samþykkt.
Íþróttamál Guttorm Sigurðsson minntist á hvort fjelagið segi sér fært að

halda uppi íþróttum í vetur, um málið urðu miklar umræður og að síðustu vísað til íþróttanefnd
í sambandi við íþróttamálin minntist sami maður þess að á fundi hér í fyrra hefði verið stungið upp á því hvort ekki væri unt að byggja hér sjáfarlaug og hefði stjórn fjelagsins og þrem mönnum öðrum þeim Valgarð Blöndal Eysteini Bjarnasyni og Guttormi Sigurðssyni verið falið að athuga mál þetta en þar sem ekkert hefði heyrst en frá nefnd þessari þá væri það ósk fundarins að hún tæki þegar til starfa og komi með tillögur á næsta fundi.
Tilnefndir starfsm. til næsta fundar

| | | |
|---|---|---|
| Fundarst.: Sig. P. Jónss. | Skemtinefnd | Sungið. Eg vil elska mitt land |
| Málefnanef.: Pétur Johnson, Jóhanna Kárinsd. | Sigurbjörg Guðmundsd. | |
| Upplestrarm.: Sigurgeir Jónsson, Margrét Sigurðard. | Guðrún Gísladóttir | Fundi slitið |
| | Jóh. Blöndal | Valdimar Guðmundss. |
| | Ritnefnd: Sama og áður | Ritari |

## Aukafundur

Mánudaginn 8/1 1934 var haldinn fundur í U M F Tindastól Kl. 8. e.h. í húsi fjelagsins. Fundarst. setti fundinn og nefndi til Ritara. Olaf Eirlason og Dyravörd. Oskar Stefánsson

I Sungið. Nú er frost á fróni

II Lesin fundargerð síðasta fundar. og samþ.

III Kom framm skilagrein frá fjáröflunarnefnd U M F Tindastól af hlutaveltu er haldin var 5 nóv 1933

| | |
|---|---|
| tekjur — — | Kr 287,13 |
| Gjöld — — | — 9.00 |
| hreins ágóði | Kr 278,13 |

IV. Valgarð Blöndal lýsti því yfir að þeir sem voru í fjáröflunarnefndinni, voru svo miklum störfum bundnir utan fjelagsins, að þeir gatu ekki starfað í nefndinni eins og vera bæri, og óskaði hann þessvegna eftir að það væri skipt um menn í nefndinni. Meðfram mintist Valgarð Blöndal á það að það þirfti að fara að hugsa um hvaða leikrit ætti að leika um sistur-fundinn. var þetta svo rætt og tóku til máls. Páll Þorgrímss. Fridrik Júlíusson. Pjetur Jónsson. Friðvin Þorsteinsson Guðjón Sigurdsson Eisteinn Bjarnason. Jón Rögnvaldsson. og Óskar Stefánsson.

Munnleg: Tillaga kom framm hjá Eisteini Bjarnasini um það að aðalfundur yrði haldinn næstkomandi sunnudag og yrði þessu máli frestað þangað til. Málið var síðan rætt áframm. og tók Eisteinn Bjarnason tillögu sína aftur. ~~síðan~~ og var málið tekkið út af dagskrá.

V. Friðrik Júlíusson mintist á að undanfarin ár hefði alltaf verið haldinn Jólatré skemtun innan fjélagsins, og óskaði hann eftir að þeirri venju yrði haldið áfram. Síðan var þetta rætt og tóku til máls: Páll Þorgrímsson Eisteinn Bjarnason. Guðjón Sigurðsson Friðvin Þorsteinsson. Valgarð Blöndal lagði það til, að það yrði haldið nokkurskonar þorrablót í staðinn fyrir Jólatréskemtun af því að svo langt væri liðið frá Jólunum. og stakk hann upp á Friðriki Júlíussyni sem formanni. Síðan kom fram uppástunga um að hverjir skildu starfa í þorrablótsnefndinni, og stakk Friðrik Júlíusson upp á þessum Eisteini Bjarnasyni. Valgarð Blöndal. Guðjóni Sigurðssyni. Friðvini Þorsteinssyni

og Pjetri Jónssyni. og var þessi ~~tillag~~ uppástunga feld með meiri hluta atkvæða. Síðan stakk Guðjón Sigurðsson upp á: Friðriki Júlíussyni. Pjetri Jónssyni Sigurbjörgu Guðmundsdóttir. Guðrúnu Gísladóttir og Margréti Sigurdardóttir og var þessi uppástunga borin undir atkvæði og var hún samþykt með meiri hluta atkvæða. Síðan var ~~þetta~~ málið tekið út af dagskrá.

VI Sambandsmál:

Form: mintist á að hann hefði talað við sambandsstjóra viðvíkjandi sambandsskattinum og hafði hann sagt að UMF Vindastóll skuldi sambandinu óákveðna upphæð, en munnlegur samningur við Gunnlaug Björnsson sé ekki lögum samkvæmt. Var þetta svo rætt og tóku til máls í þessu máli

Eisteinn Bjarnason. Valgard Blöndal
Jón Agnarsson. Guðjón Sigurðsson
Pjetur Jónsson og Páll Þorgrímsson
var þetta síðan tekið út af
dagskrá

VII Skinfaxamál

Form: mintist á að Sambandsstjórn hefði sagt að UMF Tindastóll gæti fengið Skinfaxa upp í Sambandsskattinn. Tóku til máls í þessu máli: Guðjón Sigurðsson og Jón Agnarsson, síðan var þetta mál tekið út af dagskrá.

VIII Starfsmaður kosin til næsta fundar
Fundarst:) Friðrik Júlíusson

IX Sungið:) Jeg vil elska mitt land.
Fleira gerðist ekki á fundinum
fundi slitið kl 10½

Friðrik Júlíusson
Samþykkt

Ólafur Þiðriksson.
(ritari)

14/1 1934

Sunnudaginn kl 4 e.h. var fundur haldin í U.M.F.T. Formaður Fr. Jul setti fundin og nefndi til ritara Óskar Magnússon. Fjarverandi Friðrik G.J. I. Ólafur Þiðriksson ritari síðasta fundar las upp fundargerð frá þeim fundi var hun samþikt með öllum atkvæðum. II ~~Ar~~ Geirsson tók til málstök G Sig og mælti á þessa leið. að ritstjóri Jón Agnarsson hefði líst því yfir á fundi fyrir skemstu að Argeirinn komi ekki út nema þeir er í ritnefnd væru rituðu í hann af því hann hefði ritað síðasta blað einn. Málið tekið utaf dagskrá. III Stjórnáð. Las P Þorgrímsson upp bref frá U.M.F.T. til Sambandsstjórnar U.M.F. Íslands urðu engar umræður um það. IV. Galdkeri las upp lista þeirra U.M.F. er skulduðu og stjórnin hafði lagt til að iðu strikaðir út þeir felaginna af því þeir hefðu neitað að borga. Þá er ekki voru hér og ætti eftir að spirja að þessu ætti ekki að strika út fyr enn þeir hefðu neitað að borga. ~~Tillaga~~ G B mintist á ~~kom fram um~~ það að fara fang hjónin Pálsson Guðbjörg

Eiríksdóttir á aukafélaga skrá.
Tilmáls tóku
Páll Þorgrímsson
Eysteinn Bjarnason
Sigurður Þorsteinsson
Guðjón Sigurðsson
Eysteinn Bjarnason kom með tillögu.
Að gefa eftir ógreidd ársgjöld kr 243. og strika út 18 félaga, og fæ[ra] þaug hjónin Pál Jónsson og Guðbjörgu Eiríksdóttir á aukafélagaskrá. reyna að inn heimta ásstillög hjá Pétri Guðmunds Sverrir Sig. Guðm. Andréssyni. Tillagan samþikkt.
Málið tekið útaf dagskrá.
V. Þorrablótsnefndin. Friðrik J. skírði frá því í aðal dráttum hvernig þorrablótsnefndin hefði ~~hugsað~~ ~~sér að hafa það~~ Starfað. fyrirkomulagi. Allir er taka þátt í blótinu þurfa að skaffa sér nesti sjálfir. Annað snett verður úrtregum og drukkið öl úr glösum, bolli eða öðrum drikkar í látum. Tóku engir tilmáls og var því málið tekið út af dagskrá

Formaður
VI Íþrótt ~~nefndin~~ skírði frá því að leikfimi mundi hefjast í þessari viku. Til máls tóku Páll Þ. Eysteinn B. Guðjón Sig. Fr G Þ. Sig P J. Málið tekið útaf dagskrá.
VII Stefanía Sig baðum inn töku í félagið. og var það samþikkt með öllum greiddum atkvæðum að hún gerðist félagi.
VIII Jósefína Maríusd. lísti yfir óánægju sinni yfir því að húsið væri svo illa málað og vildi hún láta mála það upp. Eysteinn Bjarnason lísti því yfir að fjárhagur skóla félagsins væri svo illa staddur að það væri ekki hægt að láta mála það núna. Ennfremur sagði hann að það ætti að þvo húsið fljótlega og yrði það strags gert, en þegar húsið yrði málað yrði reynt að gera það öðruvísi, en það ~~hefði~~ hefði verið og sagði hann að það yrði gert strags og fjárhagurinn batnaði. Tilmáls tóku Guðjón Sig

IX Formaður lýsti því yfir að næsti fundur yrði aðalfundur og það þyrfti þessvegna að kjósa endurskoðendur, og stakk hann uppá Sig. P. Jóns og Valdimar Guðm sem endurskoðendum og voru þeir samþyktir, var þettað tekið útaf dagskrá.

X. Pétur Jónsson lýsti því yfir að það væri mjög leiðinlegt að félagar legðu ekki krafta sína í neitt annað enn reyna að eignast þettað hús og óskaði hann eftir ~~því~~ að það væri lagðir líka framm kraftar til þess að setja upp Teningsspil af því það væri bæði góð og holl íþrótt. Guðjón Sig. mintist á það að það væri betra að halda sig að því að klinna að því sem félagið ætti og ennfremur á það að það væri, en betra að setja hér upp sunklaug þrátt fyrir það þó þetta Teningsspil væri gott. Var þettað ~~gott~~ og tóku til máls Eysteinn Bjarn. Pétur Jónsson Óskar Magnússon Guðjón Sig. Ólafur Gíslason. Var málið svo tekið útaf dagskrá.

XI Kosnir starfsmenn til næsta fundar

Málefnamenn
Eysteinn Bjarnason
Guðjón Sigurðsson
Upplestrarmenn
Óskar Magn
Bjarnfríður Jóhanesd.
Skemtinefnd.
Jófinna Maríusd.
Stefanija Sig
Pétur Jónsson.

Fundi slitið kl. 7.

Óskar J Magnússon
(ritari)

[illegible]